

BLAÐ-ÍÐ

2.tbl.5.árg.



nóv. 1983

ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

VELA

FELLSÁS 7 - MOSF. - S. 66110

opið mánud. og miðvikud kl. 13-18



VELA

FELLSÁS 7 - MOSF. - S. 66110

opið mánud. og miðvikud. kl. 13 - 18

Vela stólar og Ropox borð.

Stillanlegir vinnustólar og borð fyrir börn og fulloröna.

Úteljandi möguleikar, mikil ending.

Handstillt - vökvaknúð - raðarífið.

Ómetanleg hjálpartæki á heimilum eða í skólum.

Hafðu samband, við sendum þér bakling.

BLAÐ-ÍÐ

2.tbl.5.árg.

nóv. 1983

ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

RITNEFND

Björk Pálsdóttir
Guðrún Hafsteinsdóttir
Hope Knútsson
Valrós Sigurbjörnsdóttir

Í þessu blaði höfum við valið
efnið: **BÖRN**

Efni næsta blaðs ætlum við að
helga geð-sviði. Greinar og
ábendingar um það efni eru vel
þegnar.

STJÓRN II

Hope Knútsson formaður
Margrét Sigurðardóttir gjaldkeri
Sigríður Jónsdóttir ritari
Ingibjörg Pétursdóttir stjórnarmeðl.
Snæfríður Þ. Egilson varamaður

IDJUBJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS
Pósthólf 72
101 Reykjavík

Prentun:
Stensill hf
Nóatúni, Rvk.

Ábyrgð:
Íðjubjálfafélag Íslands

EFNISYFIRLIT

Iðjupjálfun við Sérdeildir Hlíðaskóla.....	bls. 3
Greining á börnum með námsörðugleika.....	" 6
Samvinna við Menntamálaráðuneytið.....	" 8
Tilraunastarfsemi iðjupjálfa við grunnskóla í Rvk....	" 11
Sumardvöl fatlaðra unglinga að Reykjalundi.....	" 16
Sjúkrahjálfun í Kjarvalshúsi.....	" 18
Iðjupjálfun í Athugunar og greiningarstöð.....	" 20
Vistheimili barna við Dalbraut.....	" 22
Fjölskylduheimili Öskjuhlíðarskóla.....	" 23
Iðjupjálfi í framhaldsnámi.....	" 24
Skýrsla formanns.....	" 28
Tillaga II um lagabreytingar á reglum WFOT.....	" 33
"Wordisk Nytt".....	" 40
Fréttir.....	" 44
Félagsstarfsemi.....	" 47
Lausar stöður.....	" 49
Stöðulýsing - Hrafnista.....	" 50
Félagslisti.....	" 51

Iðjupjálfun við Sérdeildir Hlíðaskóla.

Að loknu iðjupjálfunarnámi hóf ég störf við sérdeildir Hlíðaskóla. Ég hafði áður starfað þar tvo vetur sem uppeldisfulltrúi og þekkti því allvel starfsemina þar, sem og hluta af starfsfólki og nemendum.

Þarna hafði ekki áður verið iðjupjálfun, en sjúkrapjálfun hafði verið á staðnum í nokkur ár - með hléum þó. Áðstaða og tækjabúnaður var ekki upp á marga fiska. Ég hóf störf í stofu, sem ber hið virðulega heiti "garðhúsið". Það var upphaflega reist fyrir sjúkrapjálfunina, en til að leysa úr húsnæðisvanda heimilisfræðikennslunnar í skólanum var komið fyrir bráðabirgðaeildhúsinnréttingu í öðrum hluta herbergisins. Síðan eru 6 ár og enn fer heimilisfræðikennslan fram í sömu stofu og þjálfunin. Það er stundum fjörugt þegar 10 ungmenni eru að steikja og brasa í öðrum hluta herbergisins, en ég hinum megin að vinna með börnin, sem mörg hver þola illa minnstu truflun. Með góðri samvinnu hefur þetta þó gengið vonum framár.


Þar sem ekki var fyrir hendi staða iðjupjálfa við skólann, vann ég sem réttindalaus kennari fyrsta árið, eða þar til heimild fékkst fyrir ½ stöðu deildariðjupjálfa.

Í sérdeildum Hlíðaskóla eru í vetur 24 börn. Þau eru á aldrinum 6-16 ára og mjög misjafnlega á sig komin, líkamlega, andlega og félagslega.

Í deild hreyfihamlaðra eru 18 börn. Flest eru þau með cerebral parese, en einnig eru þarna börn með klofinn hrygg, vöðvasjúkdóma og börn sem hafa lent í slysum og hlotið af heilaskaða. Greind er innan eðlilegra marka (70 greindarstig), en mörg barnanna eiga við skynjunar- og skyntúlkunarvandamál að stríða.

Í deild málhamlaðra eru 6 börn. Þötlun þeirra er einnig mismikil, allt frá framburðargalla upp í expressiva dysfasíu. Stundum eru áhöld um í hvora deildina börn eiga að fara, þegar bæði er um hreyfi- og málhömlun er að ræða.

Haukur Þórðarson læknir fylgist með börnunum og lítur á þau u.þ.b. tvisvar á vetri. Undanfarin 2 ár hefur ekki verið sjúkrapjálfi í Hlíðaskóla. Börnin fara því í þjálfun hjá SIF á Háaleitisbraut.



Sálfræðingur tengist deildunum og kemur hann í skólann tvisvar í mánuði. Við skólann er starfandi tal-kennari og vinnur hún bæði með börnin í sérdeildunum og í almenna skólanum.

Það segir sig sjálft að í staða iðjuþjálfar er ekki mikið miðað við þennan fjölda barna. Raunin hefur því orðið sú,

að ég vinn mest með yngri börnin, en fylgi þeim eldri eftir í sambandi við hjálpartaki og heimilisbreytingar.


Þau yngri tek ég í þjálfun 2-3 sinnum í viku, auk þess sem ég set upp ákv. prógram (leiðbeiningar í sambandi við æfingar, vinnustellningar, grip o.fl.) sem ég bið um að fylgt sé í skólanum og jafnvel heima.

Stöðulýsing iðjuþjálfarar við sérdeildir Hlíðaskóla birtist í síðasta tölublaði II. Til að forðast endurtekningu ætla ég því aðeins að skrifa svolítið nánar um ADL-þjálfun og æfingameðferð á staðnum.

ADL-þjálfun.

Ég legg mikla áherslu á ADL-þjálfun og reyni að tengja hana daglegu lífi í skólanum. Börnin hafa flest langan skóladag (9-15.30) og því gefst betri tími til að sinna þessum þáttum en ella, t.d. í hádeginu og í tengslum við leikfimiskennslu. Ég reyni að hafa náð samband við foreldra um þessa þjálfun, þannig að gerðar séu svipaðar kröfur til barnsins í skólanum og á heimilinu.

Það fer á meiri tími í að útvega ýmis hjálpartaki og þjálfar börnin í notkun þeirra. Mér finnst stundum að hálfu og heilu dagarnir fari í símhringingar og skrifinsku í kringum hjálpartakin, en þau gefa börnunum vissulega mikle möguleika.



Afingameðferð.


Ég byrja á því að athuga börnin og prófa (t.d. hreyfibroskammat, SI-prófið o.fl.) og byggja meðferðina síðan á niðurstöðunum.

Er ég vinn með CP-börnin styðst ég aðallega við kenningar Bobath. Ég reyni að bæta bol- og höfuðjafnvægi, auka samhæfingu handleggja og handa og bæta grip. Auk þess nota ég skynhreyfipjálfun í auknum mæli, en hreyfihömluð börn eiga oft við mikil vandamál að stríða í sambandi við skynheildun.

Hið sama gildir um börn sem eru klaufsk og stíf í hreyfingum, hafa námsörðugleika og lélega einbeitingu svo eitthvað sé nefnt.

Með athugunum og prófunum reyni ég að finna út hvar vandamálin liggja og þjálfra síðan börnin út frá kenningum Ayres og annarra.

Í einstaka tilfellum hef ég tekið að mér að prófa börn, setja upp meðferðarástlun og athuga hvernig hún gefst, en síðan hafa kennarar eða annað starfslið fylgt meðferðinni eftir.



Samstarf við kennara og annað starfslið skólans er yfirleitt gott. Hið sama má segja um samstarf við foreldra. Ég fer í heimilisathuganir þegar þörf krefur og reyni að halda jöfnu sambandi við foreldra. Samstarf við sjúkrabjálfa hafa verið minna en skyldi, aðallega vegna fjarlægðar. Auk þess gera ýmis skipulagsatriði ástandið enn erfiðara - í vetur eru t.d. 9 sjúkrabjálfarar sem vinna með börnin.

Mér finnst mjög gaman að vinna með börn. Það er yfirleitt auðvelt að virkja þau og hafa þjálfuninni þannig að þau hafi gaman af, en upplifi hana ekki sem leiðinlegar æfingar. Ég tel að iðjubjálfunin í Hlíðaskóla falli nokkuð eðlilega inn í umhverfið og ég hef góða möguleika á að fylgja börnunum eftir.

Ef ég á að nefna galla á starfinu, þá er það helst hættan á faglegri einangrun. Ég sakna þess að hafa ekki kollega á staðnum (iðju- eða sjúkrabjálfa) til að ræða við um vandamál lifandi stundar og vega og meta ýmis atriði varðandi börnin.

Greining á börnum með námsörðugleika fer fram á Endurhæfingardeild Borgarspítalans.

Undanfarna 2 vetur hafa íðjubjálfar á Endurhæfingardeild Borgarspítalans tekið að sér greiningu á börnum með námsörðugleika. Þróunin hefur orðið sú að fleiri matsaðilar eru nú með í myndinni þ.e. talmeinafræðingur, taugasálfræðingur og sérfræðingar í taugalækningum.

Börnum á alirinum 6-13 ára hefur verið vísað hingað á deilina af ýmsum aðilum og má þar nefna: lækna, skólasálfræðinga og kennara.

Helstu ástæður tilvísana eru námsörðugleikar, klaufska og hegðunarvandamál.


Ekki hefur þótt ástæða til að leggja börnin inn á legudeili, heldur hafa þau komið hingað sem dagsjúklingar, aðallega vegna þess að íðjubjálfar hafa ekki samning við Tryggingastofnun Ríkisins.

Matið hefur tekið ca. tvær vikur og er miðað við að barnið sé aðeins hluta úr degi á deildinni.

Í mati íðjubjálfa fellst greining á: skyn- og hreyfifroska, skynjun og skynúrvinnslu, hugsunar- og framkvæmiafærni, auk hegðunar og félagsbroksa. Auk þess er leitað upplýsinga um þroskaferil og félagsögu barnsins.

Að mati loknu bera matsaðilar saman niðurstöður sínar og ákvörðun er tekin um áframhald.

Íðjubjálfar hafa síðan samband við foreldra og skóla, miðla þeim upplýsingum sem fram hafa komið, veita leiðbeiningar og etv. meðferð í samræmi við niðurstöður matsaðila.



Helstu vankantar varðandi greiningu barna hér er hæg afgreiðsla tilvísana og þar af leiðandi langur biðlisti.

Öll börn fara í "forþrófun" áður en afstaða er tekin til áframhaldandi greiningar, þannig að ekki koma allar tilvísanir fyrir

augu iðjubjálfa.

Þá má einnig benda á, að þessi greining er aðeins brot af öllum þeim verkefnum sem sinnt er hér á deildinni.

Ökkur er ljóst, að mörg börn á Reykjavíkursvæðinu/landinu, þyrftu á greiningarþjónustu að halda og væri því eðlilegt að þessi starfsemi færi fram annars staðar t.d. á greiningarstöðvum eða í tengslum við fræðsluskrifstofur umdæma.




ÚRVAL EINFALDRA HLJÓÐFÆRA

Í Skólavörubúð Námsgagnastofnunar að Laugavegi 166 er að finna úrval einfaldra, ódýrra og sterkra hljóðfæra sem henta vel í kennslu yngri barna.

Helstu gerðir eru ýmis ásláttarhljóðfæri, tambúrínur, skellitrommur, málmspil o.fl. Þá eru fðanlegar ýmsar gerðir viðarhljóðfæra, bjöllur og gjöll.

Flest hljóðfæranna geta nýst iðjubjálfum og öðrum sem vinna að endurhæfingu líkamlega og andlega fatlaðra barna.



NÁMSGAGNASTOFNUN

SKÓLAVÖRUBÚÐ SÍMI 28088

Samvinna við Menntamálaráðuneytið

Iðjubjálfar gera tillögur og greinargerð um mikilvægi örvunar á skyn- og hreyfiproska í forskólum.

Síðast liðið vor hafði námsstjóri í Skólarannsóknardeild Menntamálaráðuneytisins samband við iðjubjálfa Endurhæfingardeildar Borgarspítalans. Tílefnið var, að verið er að safna námsefni fyrir forskóla landsins, til að samræma kennslu í þessum aldursflokki um land allt.

Við vorum beðnar að gera tillögur og greinargerð um mikilvægi örvunar á skyn- og hreyfiproska, þar sem slíkur þroski er einn af grundvallar þáttum þess þroska, sem þarf til skólanáms.

Aðrir aðilar voru beðnir að gera tillögur um þroskaþætti, sem tengjast iðjubjálfun, s.s. skyntúlkun (perception), og er því öllu slíku sleppt hér, þó svo þetta séu allt samtengdir þættir.

Eftirfarandi greinargerð höfum við gert til bráðabrigða, og hefur henni verið dreift ásamt öðru námsefni til forskólakennara um landið.


Gert er ráð fyrir endurskoðun fyrir haust 1984.

Örvun skyn- og hreyfiproska

Þroski Undirstaða alls þroska eru skynboð og úrvinnsla þeirra. Magn og tegund skynboðanna hafa áhrif á það hvernig einstaklingurinn nýtir sér skynáreiti, vinnur úr því og hver svörunin verður, hvort sem hún er hreyfinga-, vitsmuna-, tilfinninga eða félagslegs eðlis.

Öðli skynboðanna ákvarðar hvaða skynbrautir eru notaðar. Skynjunin getur verið: sjón, heyrn, bragð, lykt, snertiskyn, jafnvægisskyn og stöðuskyn.

Skynúrvinnsluferli Hægt er að lýsa ferlinu skynjun → úrvinnsla → svörun á eftirfarandi hátt:



Samkvæmt ferlinu berast skynboðin til viðkomandi svæða í heila og heilastofni. Þar er unnið úr þeim. Í úrvinnslunni felst flokkun, skipulagning og samræming. Svörunin byggist síðan á niðurstöðum skynúrvinnslnunnar. Ef hreyfisvörun er tekin sem dæmi, berst hún með mænutaugabrautum til hreyfitauga og síðan vöðvafruma sem framkvæma svörunina (hreyfinguna). Svörunin getur verkað sem "feed back" (afturverkun) gegnum ný skynboð.

Skynboð frá mismunandi skynbrautum geta haft áhrif á hvort annað vegna tenginga, sem eiga sér stað í miðtaugakerfinu.

Ef eitthvað fer útskeiðis við úrvinnsluna getur það t.d. orsakað klaufsku, námsörðugleika og hegðunarvandamál.

Proskastig

Skynbrautirnar þróast á mismunandi proskastigum. Jafnvægisskyns og snertiskynsbrautirnar proskast fyrst. Þær hafa því áhrif á þroska á öllum eftirfarandi þróunarþrepum og fyrri þrep eru undirstaða seinni þrepa:

1. Skyn- og hreyfiþroski
2. Líkamsmeðvitund
3. Fínhringir, form og rúmskyn
4. Abstrakt hugsun, lestur, skrift, reikningur

Þar sem þær brautir er proskast fyrr hafa áhrif á þróun seinni brauta, er mikilvægt að úrvinnsla skynboða og túlkun á fyrri þrepunum sé fullkomin til að úrvinnsla og túlkun á seinni brautum verði ekki ábótavant.

Hreyfiþroski er því undanfari abstrakt hugsunar, þó ekki sé nauðsynlegt að þroski á fyrri þrepi sé lokið áður en næsta þrep hefst.

Skynbrautir

Jafnvægisskyn gerir okkur kleift að skynja hreyfingu og hefur áhrif á vöðvaspennu.

Snertiskyn er hluti af varnarkerfi okkar og hefur t.d. áhrif á líkamsmeðvitund.

Stöðuskyn hefur einnig áhrif á líkamsmeðvitund.

Þessar þrjár brautir ásamt sjón hafa allar mikil áhrif á hreyfiþroska og þær mætti örva með hefðbundnum leikjum. Æskilegt er, að þessi örvun tengist náminu í kennslustofu, leikfímíssal og úti á skólalóð.

(Byggt á kenningum J. Ayres, sem hefur masterspróf í iðjupjálfun og doktorspróf í sálfræði).

Hreyfileikir

Þó svo þessi kafli fjalli aðallega um leiki, sem hafa áhrif á hreyfiþroska, má ekki gleyma því, að þeir hafa áhrif á fleiri þætti í þroska barns. Má þar nefna samhæfingu líkamshluta, samhæfingu handa og augna, skipulagningu, líkamsmeðvitund, form og rúmskyn, einbeitingu, tilfinninga og félagsþroska.

Þessa þætti þarf að hafa í huga, þó flokkunin að neðan beinist að grófum og fínum hreyfingum, sem nota mætti bæði einstaklingsbundið og í hópum.

	Skynbrautir	Leikir
Grófar hreyfingar	Jafnvægisskyn	Róla Vega salt/ruggubátar Rennibrautir Rimlar Kollhnís/velta sér París Skíði/sleði/skautar Trambólín Kaðlaleikir Teyggjutvist Sipp Dans
	Stöðuskyn	Rimlar París Hopp - víxlhopp - kóngulðarhopp - kengúruhopp Boltaleikir - verpa eggjum - rekja bolta Spegilmyndaleikir Þrautakóngur Myndastyttuleikur Sipp Standa á höndum Ganga/hoppa á mis- hæðóttum fleti
	Snertiskyn	Sund Kollhnís/velta sér Klæða sig í og úr - hlutverkaleikir - keppnisleikir
Fínar hreyfingar	Stöðuskyn/ snertiskyn	Klippa Þræða perlur Leira Púsla Skrúfa/smíða Mála/teikna Lína Handleika hluti með mismunandi formi, stærð, áferð Handbrúður Kubbar/mekkanó

Upptalningin hér að ofan er engan veginn tæmandi, heldur tillögur um leiki, sem örva þær skynbrautir er hafa mest áhrif á hreyfibroska.

Sjálfssagt er, að kennarar noti eigið hugmyndaflug við val hreyfileikja í skólanum, og geri sér grein fyrir mikilvægi þeirra í undirbúningi frekara skólanáms.

Tilraunastarfsemi íðjubjálfa við einn grunnskóla í Reykjavík.

Starfsemin fer fram á tímabilinu sept.-des. 1983.

Hugmyndin að þessari starfsemi varð til s.l. vetur í viðræðum íðjubjálfa á Endurhæfingardeild Borgarspítalans og eins skóla-sálfræðings frá sálfræðideild skóla í Reykjavík. Þetta gerðist í framhaldi af þeirri greiningu á börnum með náms-öruggleika, sem átt hefur sér stað hér á deildinni.

Fjárveiting fékkst frá Menntamálaráðuneytinu til starfseminnar, sem hófst með fyrirlestri og undirbúningsviðræðum við skólastjóra, kennara og skólasálfræðing s.l. vor.

Markmið okkar er:

- að finna aðferð til að koma auga á hömlur í skyn- og hreyfiproska einstakra barna, áður en þær hafa áhrif á námsgetu, þannig að hægt sé að veita fyrirbyggjandi ráðgjöf.
- að örva hvert einstakt barn með markvissum æfingum og í leik, þar sem tekið er tillit til alhliða skynáreita.

Aðferðin sem við notum er að koma á þjálfunaráætlun sem felur í sér skyn- og hreyfiproskaverkefni, ætluð börnum á ákveðnu aldurs-skeiði. Áætlunin er felld inn í kennsluskrá. Hún gefur því börnum tækifæri til að standa jafnar að vígi á þessu sviði, þrátt fyrir mismunandi aðstæður í uppveksti.

Þátttakendur í tilrauninni eru öll sex og sjö ára börn í einum grunnskóla Reykjavíkur, þ.e. 48 sex ára börn, 42 sjö ára börn, kennarar þessarra barna og íðjubjálfar.

Tilraunin hófst með því að íðjubjálfar komu þjálfunaráætluninni á í samvinnu við kennara og voru leiðbeinendur í fyrstu tímunum sem áttu sér stað í sept. s.l. Kennararnir fylgja áætluninni eftir með leikjaskema og ráðgjöf íðjubjálfa á hálfsmánaðarlegum fundum.

Leikjaskema byggist á greinargerð um örvun skyn- og hreyfiproska sem unnin var fyrir Menntamálaráðuneytið og fellst í því að örva nauðsynlegar skynbrautir á þann hátt sem er eðlilegastur börnum, þ.e. gegnum leiki.

Leikjaskema fylgir athugunareyðublað, sem kennarar fylla út.

Tilraunin byggist á, að börnin fái minnst 20 mínútna örvun daglega bæði í gróf- og fínhreyfingum.

Á 3ja mánaða tímabili er áætlað að kennarar geti komið auga á þau börn, sem ekki fylgja hinum eftir í verkefnum.

Í lok tímabilsins meta íðjubjálfar þau börn, sem kennarar álíta að hafi átt í erfiðleikum með þjálfunaráætlunina. Þetta álit byggist á samanburði á börnunum.


Steynt er að því, að íðjubjálfar reyni svo að koma til móts við meðferðarþörf þessarra barna.

Hér á eftir fylgja nokkrir þættir úr leikjaskema, sem gefa hugmynd um uppbyggingu þess, og athugunareyðublað sem notað er.

(5.okt.1983)

Grófhreyfingar Leikir	Pátttöku- fjöldi	Hvar	Leiktæki	Hvernig	Athuganir
Klifurgrindur/ Rimlar	?	Úti Leikfímíssalur	Mismunandi grind- ur Net	Príla upp/niður Hvolfá sér Klifrfa yfir Príla upp/bakka niður Ganga út á hlið	Skipulagning Víxlhreyfingar handa og fóta Skilningur Viðhorf til leiksins Félagsleg aðlögun
Velta sér/ Kollhnfs	Allir	Leikfímíssalur	Tunnur Dýnur	Nulla sér á dýnu e.t.v. í halla Snúast í tunnu Kollhnfs Velta sér til hæ/vi	Skipulagning Svimi Skilningur Félagsleg aðlögun
Myndastyttuleik- ur	Allir/ helmingur	Leikfímíssalur		-Binn snýr öðrum, lenda- ing í mismunandi stell- ingum -Upptelling	Jafnvægi Svimi Kyrrstaða
Boltaleikir	Allir/ helmingur /fáir	Leikfímíssalur	Boltar	-Hekja bolta -Verpa eggjum -Kasta á milli -Sto -Litli brennibolti -Yfir	Skipulagning Samhæfing handa/ augna/fóta Grip Félagsleg aðlögun
Sleði, englar í snjó, snjó- boltaleikir	?	Úti	Sleðar	Mismunandi brekkur eða halli Mismunandi stórir snjó- boltar	Skipulagning Samhæfing hreyfinga Félagsleg aðlögun
Fínhreyfingar					
Pásluspil/rað- spil	Binn/fáir /allir	Kennslustofa	Pásl m. mismunandi fjöldla kubba Mism. nákvæmar myndir	E.t.v. teikna mynd og klippa í pásl, láta sessunaut setja saman aftur	Grip Samhæfing Skyntlíkun Skipulagning
Kubbar/mekkanó	Binn/fáir	Kennslustofa	Kubbar Fyrirmynd í tví- og þrívídd		Skyntlíkun Skipulagning Grip Samhæfing
Hermileikir/ Handaleikir	Tveir/ fleiri	Kennslustofa Úti Leikfímíssalir		-Búa til mynsturleiki m. höndunum -Símon segir... -Hné, magi, brjóst, enni..	Skipulagning Samhæfing Skilningur

MATRIX ≈ SETUR FYRIR FATLAÐA



- * Úr MATRIX einingunum er unnt að búa til setur sem halda líkamanum í stöðu sem æskilegust er fyrir hvern og einn.
- * Hægt er að breyta setunni ef viðkomandi vex eða ástand og þarfir breytast.
- * Setunni er komið fyrir í hjólastól eða kerru og/eða nota hana sem sjálfstæðan stól t.d. í bíl, við kennslu og jafnvel í baði ef bólstrunin er tekin úr.
- * Bólstrunina má þvo í þvottavél.

STOD h.f.
Trönuhraun 6
Hafnarfirdi
S:52885



VILTU VERNDA BAKIÐ?

Fáðu þér þá stól af
fullkomnustu gerð



ERO stólarnir veita baki þínu réttan stuðning og koma í veg fyrir óeðlilega þreytu og spennu í hryggnum. Þeir hafa alla yfirburði fullkomnustu stóla en eru engu að síður á einstaklega lágu verði.

* Stóðst gæðaprófun Teknologískt institút í Noregi.



**STÁLHÚSGAGNAGERÐ
STEINARS HF.**

SKEIFUNNI 6. SIMAR: 33590. 35110. 39555

Sumardvöl fatlaðra unglunga að Reykjalundi.

Sumarið 1981 var fyrst skipulögð dvöl fatlaðra unglunga að Reykjalundi. Þá komu hér 4 unglingar og dvölu í 3 vikur. Þetta tókst vel og hefur unglungunum farið fjölgaandi síðan. Sumarið 1982 dvöldu hér 18 unglingar í 2 hópum og á þessu sumri, 1983, komu ca. 40 unglingar í 4 hópum þar af var 1 hópur astmaveikra.

Margir þessara unglunga koma frá Reykjalundi í Mosfellssveit, en nokkrir beint frá heimilum sínum eða öðrum stofnunum. Þau hafa ýmist verið fötluð frá fæðingu (C.P., vangefni, spina bifida o.fl.) eða þau hafa fatlast síðar á æfinni t.d. eftir slys.

Markmiðið með dvölinni á Reykjalundi er:

- Að gefa þeim kost á útiveru og íþróttum, sem þau geta ekki stundað annars staðar.
- Líkamleg þjálfun, s.s. styrktar- og úthaldsþjálfun.
- Að víkka sjóndeiliarhringinn, auka sjálfstæði og félagsleg samskipti.

Séð er um að unglingarnir hafi kappnóg að gera yfir daginn og þar greinar sem boðið er upp á eru t.d.:

- Róður - hestamennska - borðtennis, boccia o.fl. inniíþróttir - hjólræiðar - sund og íðjubjálfun.
- Sjúkraþjálfun er bætt við, ef þörf krefur.

Íðjubjálfun hefur frá upphafi verið fastur liður á dagskránni. Allur hópurinn kemur í íðjubjálfun á sama tíma. Við leggjum mikla áherslu á félagslegu hliðina og reynum að gefa þeim möguleika á að tjá sig á sem margbreytilegastan hátt.

Hvað fást þau svo við í íðjubjálfun:

- Einstaklingsverkefni:
- Hópverkefni:

tágavinna, smíðar, hnýtingar, leikbrúðgerð, "pantomache", bakstur, leðurvinna o.fl. undirbúa veislu fyrir hópinn, teiknun, málun, músík (spila saman - kynna og spila uppáhaldslög sín).



Þá bera unglingarnir ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd einnar kvöðlívöku á meðan á ívöl þeirra stendur, en kvöldvökur eru haldnar fyrir alla vistmenn á fimmtudagskvöldum. Þau semja og æfa leikþætti, skipuleggja leiki, syngja og spila á hljóðfæri o.fl. Þessi undirbúningur fer að mestu leyti fram í hópum í íþjúbjálfun.



Eins og áður er sagt eru þessir unglingar mjög ólíkir og eiga við mismunandi vanamál að stríða. Þau

þarfnast mikillar aðstoðar, nokkrir geta lítið sem ekkert notað hendurnar, aðra er mjög erfitt að hemja við verkefnin o.s.frv. Þetta skapar ýmis vanikvæði.

Annað sem líka gerir okkur erfitt fyrir er að við vitum mjög lítið um unglingana áður en þeir koma, hver hópur er of fjölmennur (oft 10) og er hér svo skamman tíma að ekki er hægt að kynna hverjum og einum eins náð og þyrfti, til að geta farið betur ofan í saumana á þeirra málum. Þörf fyrir ADL-þjálfun og hjálpartæki kemur þó stundum í ljós.

Við getum hugsað okkur að breyta og skipuleggja dvölinna hér betur en gert er. Það væri æskilegt, að velja saman unglinga með svinaða getu a.m.k. 4 og 4. Hver hópur þyrfti að vera fámennari svo hægt væri að gefa þeim betri gaum. Einnig þyrfti að vera meira samband við aðstandendur og við vildum fá vitneskju um færni í ADL fyrir komu.

Þrátt fyrir ýmsa vankanta er þetta nýbreytni sem að mörgu leyti hefur gefist vel. Yfirleitt er mjög gaman að vinna með þessum hópum og tilbreyting fyrir okkur, þar sem fullorðin fólk er hér í miklum meirihluta.

Fllestir unglingarnir eru mjög ánægðir með þessá dvöl hér á Reykjalundi og óska eftir að koma hingað sumar eftir sumar.

Sjúkrabjálfun í Athugunar og greiningadeildinni í Kjarvalshúsi.

Aður en ég skýri frá starfi sjúkrabjálfa í Kjarvalshúsi ætla ég í stuttu máli að segja frá þeirri starfsemi sem þar er rekin. Þar er Athugunar og greiningadeild í tengslum við Öskjuhlíðarskóla og hún heyrir undir Menntamálaráðuneytið. Ætlað er að deildin muni síðar taka við hlutverki Ráðgjafar og greiningarstöðvar ríkisins sem koma á upp samkvæmt löggjöf um málefni fatlaðra frá 1979.

Deildin er ætluð börnum með frávík frá eðlilegum þroska. Börnin koma í athugun í eina viku til nokkra mánuði eftir eðli og stærð vandamálsins. Tilvísunaraðilar eru læknar en geta líka verið aðrir aðilar sem verða varir við eitthvað í fari barnsins sem þarf athugunar við.

Við athugun á börnum starfa læknar, sálfræðingar, talkennarar, sjúkrabjálfi, þroskabjálfi, fóstrur, uppelldisfulltrúar og blindráðgjafi. Starfshópar vinna saman í teymi, mætist reglulega á fundum til skrafs og ráðagerðar um vandamál hinna einstöku barna. Ennfremur starfar hér félagsráðgjafi, ritari, starfsfólk í eldhúsi og deildarstjóri sem hefur yfirsýn yfir allt sem fram fer á deildinni.

Í tengslum við Athugunardeildina er leikfangasafn, en þangað geta foreldrar leitað án tilvísunar og fengið lánuð leikföng við hæfi viðkomandi barns.

Göngudeild er einnig starfrækt hér, er þar er tekið á móti börnum frá tveggja til þriggja mánuða aldri og börnum sem koma í eftirlit og ráðgjöf.

Undanfarin ár hefur starfsemi deildarinnar verið í örum vexti og er því unnið við mikil þrengsli og lélegan aðbúnað. Það er búist við breytingu á því mjög bráðlega því keypt hefur verið hús í nágrenni Kjarvalshúss og þangað mun starfsemi leikfangasafns og göngudeildar flytja þegar nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á húsnæðinu.

Sjúkrabjálfunin er staðsett í kjallara húsin. Þar átti upphaflega að vera málverkageymsla en ekki vinnustaður. Þar er engin loft-ræsting og engir gluggar svo aðstaða til sjúkrabjálfunar er vægast sagt mjög slæm. Starf sjúkrabjálfa er í fyrsta lagi fólgið í daglegri þjálfun á þeim hreyfihömluðu börnum sem dvelja á deildinni. Er það raunar liður í athugun hvernig þessi börn bregðast við meðferð. Reynt er með aðstoð annarra starfsmanna að fylgja þeirri meðferð eftir á meðan barnið dvelst hér. Mikilvægasti þáttur í meðferð hreyfihamlaðra barna er að forðast rangstöður sem aflaga

liðamót og stytta sínar og vöðva. Því þarf að fylgjast vel með hvernig þau eru staðsett yfir daginn. Það þarf oft að útvega þessum börnum hjálpartæki og eru margir sem leggja því máli lið. Nú hefur Hjálpartækjabankinn ráðið iðjupjálf í þjónustu sína sem gott er að geta leitað til í því sambandi.

Á Athugunardeildinni er alltaf töluvert af börnum með smávægilega heilatrufnun, litningagalla eða önnur vandamál sem orsaka seinkun á hreyfiproska. Sjúkrþjálfari metur hreyfigetu þeirra og notar til þess M.P.U. hreyfi og skynþroskamát. Það próf er staðlað á dönskum börnum og hentar ágætlega hér á landi. Yfirleitt eru þessi börn illa stödd hvað varðar styrk í höndum, samhæfingu handa og augna, styrk í mjóðum og alment þrek. Flest hafa ilsig og klunnalegt göngulag. Reynt er að skipta þeim í smáhópa og taka þau í hóp-æfingar tvisvar til þrisvar í viku eftir því sem hægt er og að-staður leyfa. Venjulega er þá einn starfsmaður með hverju barni.

Á göngudeild koma börn frá þriggja mánuða aldri með foreldrum sínum. Venjulega koma þau einu sinni til þrisvar sinnum í viku. Foreldrar fylgjast með æfingum og fylgja þeim eftir heima. Ef barnið býr utan Reykjavíkursvæðisins kemur það á þriggja til fjögurra mánuða fresti en dvelur þá í eina til tvær vikur og fær daglega meðferð þann tíma.

Ef til vil er ekki öllum ljóst hvað ungabörn hafa að gera í sjúkrabjálfun, sem ég myndi fremur vilja kalla örvun á hreyfingum eða hreyfipjálfun.

Meðal fyrstu einkenni þess að eitthvað sé að nýfæddu barni eru heftar hreyfingar. Staðreyndin er að hvert nýtt þrep í hreyfiproska hefur visst gildi fyrir almennan þroska barnsins. Rétt örvun hreyfinga á réttum tíma stuðlar því að auknum vitsmunalegum þroska, bættri líkamsstöðu og starfsemi yfirleitt. Þessi staðreynd er nú viðurkennd og því eru læknar farnir að senda börn mikið yngri í hreyfipjálfun en áður var.

Náin samvinna er á milli leikfangasafns og sjúkrabjálfa og minnstu börnin sem koma á göngudeild fá venjulega þjónustu á báðum stöðunum.

Eftirfylgd: Nokkur tími sjúkrabjálfa fer í að fylgja eftir þeim börnum sem hafa verið í athugun hér og eru komin á leikskóla eða aðrar stofnanir. Þetta á við um þær stofnanir sem ekki hafa aðgang að ráðgjöf frá sjúkrabjálfa annarstaðar. Fóstrur, þroskabjálfar eða aðrir umsýsnarmenn barnanna fá þá leiðbeiningar og skriflega meðferðaráætlun. Stundum eru þetta mikið hreyfihömluð börn sem þurfa nákvæma eftirfylgd, ráðgjöf um hjálpartæki o.fl., en stundum er um minniháttar vandamál að ræða s.s. eins og áður er minnst á styrkjandi æfingar fyrir hendur, fætur, mjaðmir og almennt þrek. Þel aðilar sem taka að sér að fylgja eftir leiðbeiningum koma svo með barnið á eins til sex mánuða fresti til endurmats og frekari ráðgjafa. Þannig eftirfylgd getur sjúkrabjálfi t.d. á sérdeild barnaheimilisins á Víðivöllum í Hafnarfirði, skóla þroskaheftra barna á Selfossi, Heyrnleysingjaskólanum, ýmsum dagvistunarstofnunum í Reykjavík og leikfangasöfnum útum land þar sem svæðisþroskabjálfar eru staðsettir. Mjög góð samvinna er með öllum þessum aðilum.

Lokaorð: Eg hef hér í stuttu máli lýst starfi sjúkrabjálfa í Kjarvalshúsi. Fjöldi barna sem tengist sjúkrabjálfun er nokkuð hár. Frá því um síðustu áramót hafa um 120 börn komið í um 700 heimsóknir, ýmist í ráðgjöf í fá skipti eða í lengri samfellda meðferð. Hingað til hefur ekki starfað hér iðjubjálfi en í fram-tíðaráætlun staðarins er gert ráð fyrir stöðu iðjubjálfa og er það ánægjulegt. Á Bonathstofnuninni í London kynntist ég mjög náinni samvinnu iðju og sjúkrabjálfa við bjálfun c.p. barna og ég vona að samskonar samvinna eigi eftir að byggjast upp hér.

Anna Þórarinsdóttir, sjúkrabjálfi í Kjarvalshúsi.

Í tímaritinu Þroskahjálp 1. hefti 1983 er grein um Athugunar og greiningadeildina eftir Asgeir Sigurðsson sálfræðing.

Guðrún Árnadóttir iðjubjálfi

Iðjubjálfun í Athugunar og greiningarstöð.

Vegna teikninga á nýju húsnæði fyrir Athugunar og greiningarstöð Ríkisins var leitað til Guðrúnar Árnadóttur og Ingibjargar S. Asgeirsdóttur iðjubjálfa veturinn 1981-82 um tillögur viðvirkjandi svæði fyrir iðjubjálfun.

Gengið var út frá því að þjónusta iðjubjálfa yrði veitt líkamlega fötluðum börnum, andlega þroskaheftum börnum og börnum með náms-örðugleika.



Tillögur um húsrými fyrir iðjubjálfun voru miðaðar við að iðju-bjálfar ynnu við eftirtalin starfssvið:

- prófun og bjálfun grófra/fínna hreyfinga
- prófun og bjálfun athafna daglegs lífs (ADL)
- hönnun, prófun og bjálfun í notkun hjálpartækja
- spelkugerð, prófun og bjálfun
- heimilisathugun/breytingar
- skóla/vinnustaðaathugun/breytingar
- prófun/bjálfun á perception/cognition.

Húsgagnavinnustofa Guðmundar Ó. Eggertssonar

Helðargarði 76 - Reykjavík - Sími 35653, heima 82714

Sérsmíðar stóla borð og þjálfunartæki fyrir hreyfi-
hamlaða



Vistheimili barna við Dalbraut.

Vistheimili barna, hvaða stofnun er það?

Hvaða þjónusta er veitt þar?

Vistheimili barna er starfrækt af Reykjavíkurborg í tengslum við Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Heimilið tók til starfa vorið 1966. Vistheimilið er ætla börnum, sem ekki geta verið heima hjá sér um einhvern tíma vegna veikinda, skammtíma erfiðleika á heimilinu eða af öðrum ástæðum. Í mars 1979 var Vistheimili barna og Vöggustofa Thorvaldsen sameinað. Ennfremur ákvað Félagsmálaráð Reykjavíkur að Vistheimilið skyldi nýtt sem skammtíma vistun fyrir þroskaheft börn, þ.e. börn sem eru andlega og/eða líkamlega fötluð. Þetta tilboð er ætlað þroskaheftum börnum, sem dveljast í heimahúsum og talið er að geti nýtt sér slíka dvöl meðan foreldrar eru í fríl., þurfa hvíld, eða ef erfiðleikar koma upp á heimilinu. Lengd dvalartímans ákvarðast af þörfum barns og foreldra og breytt eftir aðstöðunni á Vistheimilinu á hverjum tíma. Vistheimilið er fyrst og fremst ætlað börnum, sem búsett eru í Reykjavík. Utanbæjarbörn hafa einungis dvalið á heimilinu í undantekningar tilvikum. Heimilinu er skift í tvær deildir og er önnur deildin fyrir 10 börn á aldrinum 0-4 ára. Hin deildin er ætluð 16 börnum á aldrinum 4-12 ára. Það er ekki sérdeild fyrir þroskaheftu börnin, heldur eru þau á deildunum með hinum börnunum. Á heimilinu geta dvalið allt að 6 þroskaheft börn í einu þ.e. 3 á hvorri deild. Á heimilinu vinna starfsstúlkur, fóstur og þroskaþjálfar. Fjölskyldudeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar hefir með allar vistanir á Vistheimilinu að gera. Viðtal er fengið við starfsmann sem fær nauðsynlegar upplýsingar um barnið og fjölskylduaðstæður þess. Í viðtalinu er samið um dvalartíma og rätt um vistun með reglulegu millibili, sé þess óskað. Þegar búið er að ákveða reglulega vistun, geta foreldrar snúið sér beint til Vistheimilisins til að ákveða tíma á meðan aðstæður breytast ekki. Foreldrar sem vilja kynna sér Vistheimili barna, er velkomið að koma og skoða heimilið og ræða við starfsfólkið. Ákveða skal heimsóknartíma í samráði við forstöðukonur Aðalbjörgu Valberg og Kristínu Pálsdóttur símar 31130 og 32766.

Kristín Pálsdóttir
Vistheimilið
Dalbraut

Um fjölskylduheimilið Öskjuhlíðar-skóla að Reynilundi 4, Garðabæ.

Að Reynilundi 4 í Garðabæ er starfrækt fjölskylduheimili á vegum Öskjuhlíðarskóla í Reykjavík. Skólinn hefur með höndum vistanir barna og unglinga utan af landi, sem stunda nám við Öskjuhlíðarskóla eða aðra sérskóla eða sérdeildir. Langflest eru börnin vistuð á einkaheimilum á höfuðborgarsvæðinu, og á fjölskylduheimilinu dveljast aðeins þau, sem af ýmsum ástæðum er erfitt eða útilokað að vista á einkaheimilum.

Fjölskylduheimilið tók til starfa haustið 1975 og þá í leigu-húsnæði, að Selbrekku 32 í Kópavogi. Þegar húsaleigusamningi var sagt upp á árinu 1979 var ákveðið, að fest yrðu kaup á húsnæði til afnota fyrir fjölskylduheimilið og fluttist starfsemin að Reynilundi 4 í byrjun skólaárs 1979. Í nýja húsnæðinu skapaðist mun betri aðstaða, þótt ekki uppfylli það allar þær kröfur, sem gera þarf þegar um húsnæði fyrir hreyfihamlaða er að ræða. Væri t.d. afar askilegt, að gerðar yrðu breytingar á húsinu þannig, að fönður og verkstæðisaðstaða í bílskúr nýttust betur, en nú er ekki innangengt úr húsinu í bílskúrinn. Ýmislegt fleira mætti tilgreina.

Á fjölskylduheimilinu hafa dvalið 5-6 börn, að jafnaði á undanförunum árum, ýmist alla 7 daga vikunnar eða í 5 daga, ef búseta foreldra er svo nærri, að dvöl heima um helgar hefur verið möguleg. Börnin hafa eins og áður greinir, stundað nám í ýmsum sérskólum eða sérdeildum: Öskjuhlíðarskóla, Hlíðarskóla, Safamýrar-skóla/Lyngási og í Bjarkarási og hefur samvinna fjölskylduheimilis og viðkomandi skóla verið góð og hið sama má segja um samvinnu við foreldra barnanna. Starfsfólk fjölskylduheimilisins nýtur léiðsagnar og ráðgjafar frá sálfræðingi og félagsráðgjafa Öskjuhlíðarskóla sem halda reglubundna fundi með starfsfólki. Skólaelæknir í Öskjuhlíðarskóla veitir heimilinu þjónustu og þeir sem sjúkrabjálfun barnanna annast hafa veitt tilsögn og aðstoð. Iðjupjálfi hefur verið fenginn til að gera tillögur um nauðsynleg hjálpartæki og búnað og gefa góð ráð.

Þótt hlutverk heimilisins að Reynilundi 4 sé fyrst og fremst tengt vistun nemenda sem ekki búa á Reykjavíkursvæðinu hefur þar á undanförunum árum einnig verið veitt annars konar þjónusta. Þar hefur verið rekin vísir að skóladagheimili vegna aðkallandi þarfar fyrir ákv. hóp nemenda og fjölskyldur þeirra og einnig hefur verið boðið upp á helgarvistanir, þ.e. fyllt í pláss þeirra sem fara heim um helgar. Nú í. október var opnað sérstakt skóladagheimili að Lindarflöt 41 í Garðabæ á vegum Öskjuhlíðarskóla sem gera mun kleift að auka þessa bráðnauðsynlegu þjónustu við hreyfihamlaða/fjölfatlaða nemendur.

Það hefur greinilega komið í ljós að á tiltölulega litlu heimili eins og í Reynilundi 4 tekst að skapa þann "heimilisbrag" sem mörgum þykir skorta á stærri stofnun, en sem allir eru sammála um að ætti að einkenna dvalarstað barna sem búa verða fjarri fjölskyldum sínum og áttöngum. Þörf fyrir fleiri slík heimili er fyrir hendi nú og mun þeim væntanlega verða komið á fót á næstu árum.

Forstöðumaður fjölskylduheimilisins frá árinu 1976 er Guðmunda Hansen.

Iðjupjálfi í framhaldsnámi.

Guðrún Pálmadóttir lauk iðjupjálfanámi frá Árósum í Danmörku árið 1974. Hún vann lengst af á Reykjalundi, þar til hún fór til framhaldsnáms í Bandaríkjunum í janúar 1981.

Fort Collius, Colorado,
September 1983.

Kæru félagar.

Eftir þriggja ára fjarveru frá iðjupjálfabasli á Íslandi er víst tímabært, að gefa einhverjar upplýsingar um hvað ég er að fást við núna (ég er í þann veginn að finna það út sjálf). Hafið þó í huga að auk náms fæst ég við ferðalög, skiðaiðkun, gönguferðir, sólþöð, bjórdrykkju og barnaupveldi svo eitthvað sé nefnt. (Útskýrir kannske af hverju ég er búin að vera svona lengi í burtu).

Ritnefndin gaf mér frjálssar hendur um að ákveða hvort þessi pistill ætti heima í blaði helguðu barnaiðjupjálfun eða geðiðjupjálfun. Svo til þess að gera ekki upp á milli ákvað ég að skipta þessum skrifum í tvennt. Fyrri hlutinn mun fjalla almennt um deild þá sem ég er í og mitt val innan hennar. Einnig hvaða möguleika þessi deild býður upp á varðandi meðferð á börnum. Seinni hlutinn, sem mun birtast í næsta blaði, verður helgaður minni áherslu-línu og á að fjalla um geðræn vandamál eins og þau eru skilgreind frá fjölskyldusjónarmiði og fjölskyldumeðferð.

Human Development and Family Studies = HDFS (þroska-og fjölskyldu-fræði) er lína helguð skilningi á þroska og mótun einstaklingsins og fjölskyldunnar frá byrjun til enda. Samhæfð mynd cognitivs, tilfinningalegs, félagslegs og líkamlegs þroska einstaklingsins er felld inn í munstur fjölskyldunnar, þjóðfélagsins og hins breytilega umhverfis. Aðaláhersla er, í fyrsta lagi á "eðlilegri" þróun einstaklings og fjölskyldu og í öðru lagi á áhættuþáttum sem rjúfa þá þróun, og aðferðum til að beina henni aftur í jákvæðan farveg. Starfsvettvangur þeirra sem ljúka námi úr þessari deild er innan uppeldis-, heilbrigðis-, félags- og/eða dómsmála (leikskóli/dagheimili, sjúkrahús, félagsmálastofnanir, fangelsi).

Framhaldsnám (master) í HDFS gefur möguleika á sérhæfingu til að vinna með ákveðna aldurshópa (ungbörn, tæninga, gamalt fólk o.s.frv.) og/eða á þjálfun í ákveðnu formi meðferðar (fjölskyldumeðferð). Mikil áhersla er á rannsóknum og rannsóknaraðferðum. Nemandi þarf að ljúka minnst 32 einingum eftir BS-gráðu. Mestur hluti þeirra eininga er tekin innan HDFS. Ákeðnir kúrsar eru skyldukúrsar en aðrir eru val samkvæmt áherslusviði hvers og eins. Einhver hluti eininga er ávallt tekinn innan annarra deilda við háskólann. Ritgerðar er krafist þar sem nemandinn skipuleggur og framkvæmir rannsókn á einhverju ákveðnu málefni. Það felur í sér yfirlit og gagnrýni á rannsóknum áður framkvæmdum um sama, aða svið efni, gagnasöfnun og gagnaúrvinnslu í tölvu. Ritgerðin er síðan varin í námslok. Sérhver nemandi velur sér nefnd (þrjá prófessora), sem aðstoðar og leiðbeinir við skipulagningu ritgerðarinnar og námsins í heild.

Eftirfarandi er gróft yfirlit yfir hvernig mitt nám er skipulagt og má skoðast sem dæmi um námsskrá, þar sem áherslusviðið er fjölskyldan. Hinn háí einingafjöldi skapast í fyrsta lagi af minni miklu fróðleiksfýsn og í öðru lagi af, að ég kem upphaflega frá annarri faglinu:

- Statistík og vísindalegar rannsóknaraðferðir (9 ein.).
- Þroska- og uppeldisfræði (8 ein.). Kenningar og rannsóknir varðandi þroska og mótun einstaklingsins á hinum ýmsu aldurs-skeiðum.
- Þroskamat (3 ein.). Kynning á algengustu þroskaprófum og verkleg þjálfun í notkun nokkurra þeirra.
- Iðjubjálfun (6 ein.). Barnaiðjubjálfun, kenningar og rannsóknir í iðjubjálfun almennt.
- Fjölskyldufræði (11 ein.). Kenningar og rannsóknir varðandi fjölskyldutengsl, samskipti fjölskyldumeðlima og fjölskylduvandamál.
- Fjölskyldumeðferð (11 ein.). Kenningar, aðferðir og verkleg þjálfun þar sem nemendur meðhöndla fjölskyldur undir leiðsögn.
- Ritgerð/rannsókn (7 ein.). Efni: Áhrif fötlunar á fjölskyldulíf. Safnað er gögnum og bornar saman niðurstöður frá tveim hópum (25 fjölskyldur í hvorum), þar sem í öðrum hópnum er fötlun (Multiple Sclerosis) til staðar í fjölskyldunni, en í hinni ekki.

Nemendur í masternámi í HDFFS koma frá hinum ýmsu faglinum. Flestir hafa tekið sína BS-gráðu einnig innan HDFFS, en BS-gráða frá öðrum fagsviðum er einnig algeng. Má þar nefna félagsráðgjöf, sálarfræði, kennaramenntun, hjúkrun og iðjubjálfun. Fagið er að mörgu leyti æskilegt sem framhaldsnám fyrir iðjubjálfa og saman gefa þessar tvær faglinur mikla breidd í viðhorfum og starfsaðferðum. Hugmyndafræði HDFFS er mjög sambærileg hugmyndafræði iðjubjálfa. Sem dæmi má nefna að áherslan er ávallt á sterku hliðum einstaklingsins og einstaklingurinn er aldrei skoðaður öðruvísi en í tengslum við umhverfi sitt.

Fyrir iðjubjálfa sem áhuga hafa á að vinna með börn, þá býður HDFFS upp á ýmsa möguleika. Ekki síst ef hægt er að "blanda" línuna með kúrsum í iðjubjálfun eins og hér er hægt. Kostur er gefinn á verklegri þjálfun með börn. Í tengslum við deildina er rekin tilrauna-leikskóli, sem er skipt niður í deildir eftir aldri. Þar er möguleiki á þjálfun í þroskamati og skipulagningu og útfærslu á meðferðarþrógrammi fyrir börn. Fyrir kemur að börn með væga fötlun eða önnur vandamál séu meðal þessa hóps. Annað atriði sem eykur á fjölbreytnina er, að 20-30% af börnunum eru frá löndum öðrum en Bandaríkjunum (m.a. Íslandi) með þar af leiðandi tjáninga-vandamál og önnur vandamál, sem skapast af mismunandi menningarviðhorfum.

Barnaiðjubjálfun er iðjubjálfun barna, sem eiga við vandamál að stríða. Það er mín skoðun að til þess að vera sem best fær um að greina og meðhöndla vandamál barna, þá þurfum við að hafa þekkingu og reynslu varðandi hvað má teljast eðlilegur þroski miðað við það umhverfi sem viðkomandi barn hrærist í. Með því móti eigum við hægara máð að fyrirbyggja vandamál og hafa eða endurhæfa börn þar sem þroskahefing á einhverju sviði hefur átt sér stað.

Í næsta blaði heyrið þið frá mér um fjölskylduna.

Kærar kveðjur,
Guðrún Pálmadóttir.

Alvema -úrvaldið



Alvema Rehab
SWEDEN



Remedia hf.

P.O. BOX 451 — REYKJAVÍK — ICELAND

SKÝRSLA FORMANNS

Helsinki Seminar

Þann 25-27. maí 1983 var litla Norðurlanda seminarið haldið í Helsinki. Þátttakendur voru formenn, skólastjórar og ritstjórar iðjubjálfaðra frá Norðurlöndunum fimm. Aðalmál seminarsins var menntun, og á fyrsta degi voru almennir fyrirlestrar um skólakerfi hvers lands. Á morgni annars dags, skiptu þátttakendur sér í þrjá hópa til að ræða sameiginleg áhugamál þjóðanna. Seinni hluta dagsins var farið í heimsóknir á iðjubjálfadeildir. Á þriðja degi var meira um almenna fyrirlestra t.d. um starfs-ímynd, og skýrslur frá hópunum þremur um umræður þeirra.

Persónulega varð ég fyrir vonbrigðum með skipulagningu fundanna. Formenn eiga að hittast einu sinni á ári og er það tveggja daga fundur með mikilli dagskrá. Við fengum aðeins 3½ tíma af 3 dögum og það er ekki nóg. Aðeins 2 mál af 16 voru afgreidd. Þetta er dyrt og afraksturinn því alltof lítill. Mér finnst að heimsóknir á iðjubjálfadeildir ættu ekki að vera fastur liður á dagskrá litla seminarsins á kostnað umræðnanna. Þátttakendur á litla Norðurlanda seminarinu þurfa ekki að fara í þessar heimsóknir, nema verið sé að kynna eitthvað nýtt eða sérstakt.

En aðal röskunin á Helsinki fundinum var óvænt koma Lars Eric Handog, fulltrúa frá Norðurlandaráði. Hann bauð fulltrúum frá iðjubjálfafélögunum og frá ráðuneytum heilbrigðis- og menntamála hvers lands á eins dags vinnufund í Gautaborg 12. október 1983. Tilefni þessa fundar er að kanna þörf og áhuga á, að setja á stofn samnorræna framhaldsmenntun í iðjubjálfun. Norðurlandaráð er einnig að athuga þessa hugmynd hjá öðrum heilbrigðisstétum. Eftir að Lars Eric talaði snerist athygli allra frá upprunalegu efni og breyttist í hávaðasama umræðu um framhaldsmenntun, sem stóð næstu 2 daga. Lítið samkomulag varð úr þessu, sumir töldu að um doktorsgráðu í rannsóknnum ætti að verða að ræða og aðrir sögðu, að það væri alls ekki það sem þyrfti nú. Þar sem alla samstöðu ræntaði, var samþykkt að allir færu til síns heima og félögin kæmu sér saman um hvert í sínu lagi hvað þau teldu nauðsynlegt og hvernig þeim findist að ætti að standa að þessari framhaldsmenntun, hver vandamálín gætu orðið og hvernig ætti að leysa þau. Þar sem formennirnir komust yfir lítið af sínu efni og ákváðu fund í Osló í september, ætluðu þeir að koma með hugmyndirnar um framhaldsmenntun og reyna síðan að komast að sameiginlegri niðurstöðu fyrir Gautaborgarfundinn.

W.F.O.T. Mál

Á Helsinki seminari dreifði ég tillögu I.f. um lagabreytingar á reglum heimssambands iðjubjálfa (WFOT). Eftir smá lagfæringar samþykktu hinir Norðurlanda-fulltrúarnir að styðja tillöguna í einu og öllu. Í sumar var tillaga okkar send til laganefndar og stjórnar heimssambandsins sem samnorræn tillaga. Tillagan er á bls.33 hér í blaðinu á ensku, þar sem enskan er opinbert mál sambandsins.

Ferðastyrkur til Gautaborgar

Í sumar sem leið þegar I.f. fékk boð Norðurlandaráðs um þátttöku

í Gautaborgarfundinum kom okkur á óvart, að Ráðið mundi ekki greiða ferðakostnað eins og lofað hafði verið í Helsinki. Ég þurfti því að hlaupa í nokkrar vikur á milli Heilbrigðis- og Menntamálaráðuneyta til að reyna að fá peninga svo við gætum tekið þátt í þessum undirbúningsfundi. Loksins samþykkti Menntamálaráðuneytið að veita okkur kr.10.000.-, sem samsvarar 1/3 af kostnaði við ferðina. Um tíma leitt út fyrir að við gætum ekki sent fulltrúa, en Rannveig Baldursdóttir bjargaði málinum með því að taka að sér að mæta í Gautaborg, sem fulltrúi okkar. Hún ætlaði hvort sem er til Osló í október og lestarferðin þaðan til Gautaborgar er mun ódýrari en flug frá Íslandi.

Það er nú einu sinni þannig í okkar félagi, að í hvert skipti sem okkur býðst að taka þátt í einhverju alþjóðlegu, sem við gætum haft gagn af, lendum við í stórkostlegum fjárhagsörðugleikum. Hingað til hefur okkur tekist með hinni ælkunnu iðjubjálfasnillið að leysa vandann í hvert sinn. Síðasta ár tókst mér að fá hin 4 Norðurlandafélögin til að borga kostnað formanns okkar á formannafundinn, stóra seminárið og litla seminárið. Án þessa stuðnings mundum við einangrast algjörlega frá félögum okkar á hinum Norðurlöndunum.

"Nordisk Nytt"

Á Helsinki semínarfinu ákváðu ritstjórar blaða okkar, að endurlífga "Nordisk Nytt" dálkana, sem munu birtast um svipað leyti í öllum fimm blöðunum. Íslandi var falið að semja fyrstu greinina og síðan þurfum við að skila einni gein árlega. Okkar mánuður verður september. Ég ritaði þessa fyrstu grein og notaði ræðu mína frá Helsinki, en gerði hana nokkuð ítarlegri. Greinin heitir "Ætlanir og vandamál varðandi menntun iðjubjálfa á Íslandi" og birtist á bls.40.

Mótmælabréf til sænska iðjubjálfablaðsins Arbetsterapeuten í Arbetsterapeuten (nr.11/1983) í júní skrifaði ritstjórinn, sem er ekki iðjubjálfi heldur blaðamaður, skýrslu um Helsinki seminárið. Þar kemur fram margskonar misskilningur, bæði á minni ræðu og nokkurra annarra. Vegna óánægju okkar sendi ég ritstjórnanum mótmælabréf í ágúst, sem ég vonaði að mundi birtast með grein minni í september-blaðinu. Bréfið birtist ekki og ritstjórinn breytti fyrirsögn greinar minnar og hélt áfram að lýsa vandamálum okkar hér heima sem skorti á sjúklingum!

Ann Marie Lindman, ritstjóri
Arbetsterapeuten, Box 36, 13106 Nacka, Sverige.

Kæra Ann Marie,
Iðjubjálfafélag Íslands þakkar sænska iðjubjálfablaðinu fyrir alla þá umfjöllun, sem Ísland fékk í greininni um litla Norðurlanda seminárið í Finnlandi (nr.11/1983). En við vildum gjarnan koma að smá leiðréttingu, þar sem setning er tekin út úr samhengi og notuð þrisvar sinnum í tveggja síðna grein.

Margir af félögum okkar voru óhressir með að það sýnist eins og stærsta vandamál iðjubjálfa hér sé of fáir sjúklingar. Þó það sé rétt að mörg af vandamálunum séu vegna smáðar þjóðarinnar, þá var það sem ég sagði um offramleiðslu á öðrum heilbrigðisstéttum (læknum, tannlæknum, sjúkraþjálfurum) aðeins hluti af setningu í 20 mínútna ræðu. Við höldum að áherslan í greininni hafi komið þeim misskilningi inn hjá fólki að iðjubjálfar á Íslandi hafi

ekki nóg að gera vegna skorts á sjúklingum. Dvert á móti er gífurlegur skortur á iðjubjálfum: við höfum tæplega 1/4 af þeim iðjubjálfum sem við þurfum. Eins og ég sagði í Finnlandi þá eru 23 iðjubjálfar, sem vinna á Íslandi en þörf er fyrir um 100. Þegar hefur verið auglýst eftir öðrum eins fjölda og nú er á vinnumarkaðnum. Þar sem við höfum ekki eigin skóla vegna smæðar, fjárskorts, skorts á þjálfunarstöðum og skorts á hæfum kennurum erum við háð öðrum löndum með skóla, aðallega hinum Norðurlöndunum. Nú höfum við áhyggjur af, að menn haldi að það sé yfirfullt af iðjubjálfum hér og engin ástæða til að hleypa Íslendingum í iðjubjálfanám meir, en það yrði gífurlegt áfall fyrir iðjubjálfa á Íslandi.

Við vonum að þú setjir á prent þessa leiðréttingu og að fólk lesi greinina frá Íslandi í september í "Nordisk Nytt" greinarflokknunum, svo það fái alla söguna.

Virðingarfyllst,
Hope Knútsson, formaður I.Í.

Formannafundur í Osló, 23.-24.sept.1983

Samnorræn framhaldsmenntun iðjubjálfa var aðalmálið, sem tekið var fyrir. Samkomulag náðist og hljóðar svo:

- 1) Við (iðjubjálfafélögin fimm) óskum eftir að fá samnorræna doktorsmenntun í rannsóknnum. Meginástæðan er sú, að ekkert landanna hefur slíka menntun í dag eða von um að fá hana í nánustu framtíð. Það er mikil þörf fyrir rannsóknir til að meta árangur aðferða okkar, bæta meðferð sjúklinga o.s.frv.
- 2) Við viljum ekki millistigs menntun, þ.e. mastersgráðu, vegna þess að sum landanna hafa hana nú þegar, og við óttumst að hún yrði lögð niður ef samnorræn menntun á þessu stigi byðist. Við erum sammála um, að iðjubjálfar frá öllum 5 löndunum eigi að hafa aðgang að núverandi framhaldsnámi.
- 3) Við óskum eftir að komið verði á lo vikna námskeiðum árlega um sérstök efni t.d. Sensory Integration, Bobath o.s.frv.

Önnur mál frá formannafundi:

Endurskipulagning formannafunda, litla seminarsins og þess stóra.

- 1981 litla seminarið - Ísland
- 1982 formannafundur - Danmörk
- 1983 litla seminarið - Finnland
- auka formannaf. - Noregur
- 1984 stóra seminarið - Svíþjóð
- 1985 litla seminarið - Noregur
- 1986 formannafundur - Ísland
- 1987 stóra seminarið - Danmörk
- 1988 formannafundur - Finnland
- 1989 litla seminarið - Svíþjóð
- 1990 formannafundur - Noregur

Ákveðið var að litla seminarið verði stefnumótandi- og skipulagsfundur og á því verði ekki almennir fyrirlestrar eða vinnustaðahéimsóknir. Slíkt á frekar heima á stóra seminarinu, sem er opið fyrir alla iðjubjálfa á Norðurlöndum. Þar sem formennirnir leggja alltaf til mikla dagskrá var samþykkt, að þeir dveldu áfram einn dag eftir stærri fundina tvo. Við ræddum möguleika á að koma upp handbók fyrir skipulagningu stóra og litla seminarsins.

Stóra seminarið verður haldið 26.-28.september 1984 í Malmö og dagskrárefnið verður rannsóknir. Tilkynning um það kemur bráðlega frá Svíþjóð.

Við gerðum áætlun um hvernig Norðurlandafulltrúar geti haft meiri áhrif í Heimssambandi iðjubjálfa (WFOT).

Einnig var rætt um mannréttindamál í Suður-Afríku. Sænska utanríkisráðuneytið hefur skipað öllum "professional" félögum, sem eru í alþjóðlegum samtökum með S-Afríku, að biðja fulltrúa frá S-Afríku að svara nokkrum spurningum varðandi mögulegt misrétti blökkumanna innan S-Afríkanskra félaga. Ef misrétti kemur í ljós, vill Svíþjóð að S-Afríka verði rekið úr WFOT og ef WFOT gerir það ekki er sænska félagið að hugleiða að ganga úr WFOT. Svíþjóð álitur þetta ekki pólitískt mál heldur mannréttindamál og ætlar að senda okkur tillögu sína fljótlega eftir ákvarðanatöku. Hin iðjubjálfafélagin á Norðurlöndunum eiga að ákveða hvort þau styðji Svíþjóð. Samkvæmt lögum WFOTs er hægt að reka félag úr sambandinu fyrir ósiðlega hegðun og teljum við mannréttindabrot vera þess eðlis.

Aðstoð við ráðningu erlendra iðjubjálfa

Iðjubjálfafélagið hefur boðið þeim stofnunum, sem hafa enga íslenska iðjubjálfa, aðstoð við ráðningu erlendra iðjubjálfa. Vegna ýmissa vandamála, sem sumar stofnanir hafa haft með að fá eða halda í erlenda iðjubjálfa, hef ég fyrir hönd félagsins tekið að mér að ráðleggja forráðamönnum viðkomandi stofnana, um gæði menntunar, fyrri reynslu og önnur atriði varðandi umsækjendur.

Þegar stofnanir hringja í félagið til að biðja um aðstoð, fær viðkomandi fyrst skrá yfir alla iðjubjálfa hér heima, íslenska iðjubjálfa, sem búa erlendis og íslenska nema og hvenær þeir ljúki námi. Þá er þeim ráðlagt að hafa samband við, eða skrifa út til þeirra, sem við höldum að gætu komið til greina og lýsa þar vinnustað, áætlunum o.s.frv., og reyna á þann hátt að vekja athygli fólks á starfinu, sem í boði er.

Ég hef útbúið kynningarpakka fyrir erlenda iðjubjálfa, sem inniheldur:

- 1) Bréf frá félaginu með almennum upplýsingum um iðjubjálfun á Íslandi, um landið sjálft og auk þess spurningar, sem þau eiga að svara m.a.: hvers vegna þau hafi áhuga á að vinna og búa hér, hvað þau viti um Ísland, hvers vegna þau vilji fara frá heima-landi sínu núna, að lýsa reynslu sinni ítarlega og segja okkur hve lengi þau vilji starfa hér. Einnig ráðlegg ég fólki að það sé ekki æskilegt að koma beint úr nám? vegna þess að það taki a.m.k. 1-2 ár að efla starfsímynd. Ég lýsi því að það sé ekki auðvelt að koma til nýs lands, kunna ekki tungumálið o.s.frv. Við viljum að þau hugleiði þetta mjög vel, geri sér grein fyrir að það kunni að verða einmanalegt til að byrja með og að það taki tíma að aðlagast.
- 2) Bækling frá Félagsmálaráðuneyti með hagnýtum upplýsingum fyrir útlendinga, um vinnuaðstöðu, skatta, sjúkra-og slysa-tryggingu o.s.frv.
- 3) Úrval af ferðamannabæklingum með myndum.

Síðan aðstoða ég forráðamenn stofnananna við að meta svör og velja á milli umsækjanda. Okkur finnst mikilvægt að félagið taki þátt í þessu, að þekking okkar geti hjálpað báðum aðilum til að fyrirbyggja óánægju og mistök af beggja hálfu.

Gautaborgarfundur 12.október 1983

Rannveig Baldursdóttir iðjubjálfi fór sem fulltrúi I.f. á undirbúningsfund um Samnorræna framhaldsmenntun.

Ákveðið var, að hvert land tæki saman þær menntunarþarfir sem iðjubjálfar hafa í starfi:

-hvernig menntun iðjubjálfar vilja

-á hvaða stigi

-lengd,tími

-hvaða ávinningur er af slíkri menntun og fyrir hverja

Tillögur frá iðjubjálfafélögum Norðurlandanna verða að liggja fyrir 15.janúar 1984, sem síðan verður lagt fyrir Norðurlandaráð í apríl 1984.

Tillaga II um lagabreytingar á reglum heimssambands iðjupjálfra (WFOT).

Verður lögð fram sem samnorræn tillaga á næsta heimsþingi
í ágúst 1984 á Nýja Sjálandi.

It was suggested at the Council Meeting in Holland in June 1982 that Iceland send a more detailed framework of ideas to the Legislation Committee of the WFOT regarding either changes in the membership requirements or the establishment of another category of membership. The Icelandic Occupational Therapy Association (IOTA) has given this matter a lot of thought and we hope our suggestions will prove useful to the Committee as well as to the entire Council in eventually formulating a policy that is both fair to ALL nations, regardless of size or financial position, and at the same time, safeguards the standards of the profession.

ICELAND'S PROPOSAL is as follows: that an amendment to Article 1.1.1. of the WFOT Standing Orders be made creating a 2nd type of full membership open to those countries with a population size of less than 1 million and which do not have a school of Occupational Therapy. This would be full membership with full voting rights, only the requirements for it would be different based on an understanding of the different conditions which exist in a tiny nation. (see background material)

National Associations applying for this type of membership would have to prove to the WFOT that they have a plan which guarantees continuing production of Occupational Therapists in their country despite not having their own school i.e. formal agreements ensuring access to schools elsewhere.

Additionally, a country applying for this type of membership should have at least double the number of fully qualified O.T.'s in their association as is required for nations with their own school. Iceland proposes that the number be 25 citizens who are professionally qualified OT's rather than 12.

The constitution of the national association of countries in this category must unequivocally require that all OT's, to be professionally qualified, must have graduated from a WFOT recognized school.

BACKGROUND INFORMATION

In 1980, at Council in S. Africa, Iceland proposed a reconsideration of Article 1.1.1. number 3 of the Standing Orders which lays down the requirement of "an educational program" which meets at least the minimum standards of the WFOT for full membership in the Federation. The other requirements for full membership are that 12 citizens be professionally qualified OT's and that the national association of said country has a constitution acceptable to the WFOT.

TOTAL NEED FOR OT IN ICELAND: At that point, Iceland's national association had grown from 5 to 34 in a 5 year period. In 1983, IOTA has 50 members, 31 of whom are fully qualified professional OT's and 19 student members. Iceland's population was then and still is under a quarter of a million. Surveys done by the IOTA and the Icelandic government, of health care and other social agencies' need for Occupational Therapists suggested that the total would probably never be much over 100.

ACCESS TO SCHOOLS: As a Nordic country, Iceland has access to the OT schools in the other Nordic countries. Additionally, we have access to OT schools in the rest of Europe and North America.

There exists a formal written agreement signed by the 5 Nordic Ministers of Education on June 14, 1977 declaring their willingness to admit 10% of foreigners from the other Nordic countries into institutions of higher education if those kinds of schools do not exist in their home countries. This is, in effect, a guarantee of a certain number of places for qualified Icelandic students in the OT schools of the other 4 Nordic countries.

As Iceland was formerly under the Danish crown, there is an additional written contract between these 2 countries guaranteeing that every other OT course beginning in Denmark must take a qualified Icелander. With 10 courses per year there, this means 5 Icelanders per year can enter OT training in Denmark alone.

In Norway there is a written guideline that Icelanders and Laplanders be given a bonus of 10 extra points toward the entrance requirements into their OT schools.

Every single Icelandic OT has graduated from a WFOT accredited school and the constitution of the IOTA clearly states this as a requirement for membership. Icelandic OT's have graduated from schools in 12 different countries and we view this as a very rich

pool of resources considering the relative isolation of our country geographically.

In recent years our relations with the schools and national associations of Norway, Denmark, Sweden, and Finland have grown much closer. We have taken Icelandic students on their practical training from the schools in some of the other Nordic countries and there are plans underway to increase this.

It is clear from the above that while Iceland does not have a school on its own soil, it has a definite scheme for producing a regular supply of trained OT's from WFOT approved schools. The number of Icelandic students in OT schools has been steadily increasing from year to year and in 1983 there are at least 19 students whom IOTA knows about in OT schools abroad.

In regard to continuing education and postgraduate training, Iceland has the same access to foreign schools and courses as already described. IOTA invites foreign experts to give lectures and workshops, operates study groups, and Icelandic OT's attend workshops in several other countries, predominantly Nordic.

Iceland then, does have a program to ensure the training of a steady supply of OT's, maintains high standards of practice, offers continuing education and has access to postgraduate programs as well.

LIKELIHOOD OF AN ICELANDIC OT SCHOOL: Due to its size, it is not certain that the establishment of an OT school in Iceland will be financially feasible in the immediate future, if ever. Nonetheless, IOTA has a permanent committee which re-evaluates on a yearly basis, the pros and cons of setting up an OT school in Iceland. Legal provision for a 4 year program leading to a B.S. degree at the University of Iceland exists in our licensure law from the Icelandic Parliament (1976). Based on our recent rate of increase and the current trend of access to foreign schools, it is likely that Iceland will not be many years in approaching its full quota of OT's. There is a real question of which will happen first, our meeting our needs through the current system of access to foreign schools or the day when the University of Iceland and the Icelandic government have the money for a school here.

Because we knew we were not the only nation in such a position, we felt it timely in 1980 to raise the issue in WFOT so that Council could start considering possible changes in its requirements to reflect understanding of the needs and problems of tiny nations.

In Europe, perhaps Luxembourg is in a similar position and we have had contact with nations in the Caribbean which are also too small and/or too poor to afford training their own OT's but have access to schools in larger neighboring countries.

PENALTY FOR BEING SMALL OR POOR?: The problem for such small countries in the WFOT is that while being allowed to attend meetings, speak out on issues and work energetically on WFOT projects, as Associate Members, they might NEVER be allowed full membership rights i.e. to vote on policy matters that affect them as well as other members. Small and developing nations should not be penalized because of their size and/or poverty, because they cannot afford a school. For poor or smaller nations just sending a representative to the WFOT meetings is a great financial problem.

A QUESTION OF DEMOCRACY: The WFOT must be sensitive to the needs of and different conditions that exist in tiny nations. It is sometimes difficult in today's overcrowded world for larger nations grappling with problems of bigness to understand that there are also problems of smallness. It is hard for most people to imagine the problems of a nation with not even one quarter of a million people, less than the size of a small city elsewhere, to establish and maintain all the services and systems of a modern affluent society.

It would be undemocratic for the WFOT to deny the vote forever to small nations which might never have a school. It would be unjust to prevent them from participating fully in the WFOT when the OT's in these countries have attended the very same schools as those in full membership countries. A small nation with access to many foreign schools could be well on its way to meeting or already have even met its national quota for OT's and still not have a say in WFOT policy.

As long as guarantees are provided to the WFOT that the standards of the profession in these countries meet WFOT standards and that they have a plan for educating a continuing supply of OT's, there should be no reason to deny such countries voting membership. The stated principle behind WFOT membership is to have fairly lenient requirements in order to allow membership for the greatest number of Occupational Therapists in order to further the goal of promoting the profession worldwide. It seems to Iceland that the only democratic possibility then, is one nation, one vote.

When Iceland raised this point in 1980, while a formal motion was not made, members were asked to express their preference about how Council should proceed. Of the 12 nations, 9 were in favor of creating a 3rd category of membership with voting power but with limitations on some things. Some of the possible limitations mentioned were setting a ceiling on what population size constitutes a small nation, allowing voting power on all matters except education, assuring that all members of the national associations of those countries were graduates of WFOT recognized schools. Size and geography of the country, as well as population size, might be considered. At this point it was also suggested that the number of professionally qualified OT's who are members of the national association applying for this proposed 3rd category of membership, be higher. 12 is a rather small group to have a significant vote in an international body the size of WFOT. The suggestion was made that where no school exists, the minimum number of qualified OT's in the national association be increased to 20, 30 or 50.

The Legislation Committee was asked to take the points made into account and prepare recommendations for an amendment to the constitution at the next council meeting in 1982 in Holland. In 1982 both the outgoing and incoming Legislation Committees stated that they were not ready to do this. They gave 3 reasons for their reluctance to proceed with the recommendations which Council asked them to make:

- 1) That removal of the need for a school could prove a disincentive to that country developing a school at a later date.
- 2) That population size of current full and associate members proves to be an unreliable indication of an association's ability to fulfill its commitment to WFOT or to sustain an infrastructure that enables it to meet its constitutional objectives. An association's ability to sustain a specified membership size cannot be anticipated particularly in the absence of an educational program.
- 3) Restricting voting would require both the definition of categories and the classification of all motions proposed at Council before voting eligibility can be determined.

Iceland was asked for further recommendations. At Council, Iceland responded to the 3 points above and is now ready to comment further on the issues involved.

Iceland feels that the committee's first point is not valid at all. It is most doubtful that a nation would decide to establish or not establish an OT school based on whether or not it could be a full member of WFOT. The decision to develop a school or not depends 99% on internal political and economic conditions in the country.

Factors that determine the feasibility of a school are

- a) the political climate towards funding health, education and social services
- b) having the money available to support a faculty of OT for a population of, for instance, less than one quarter million
- c) the total number of OT's needed in the country
- d) access or not to foreign OT schools

It was pointed out at Council in 1980 that in Canada, provinces of under 1 million in population do not have a school.

Regarding point 2: part one, that size is not a reliable indicator of an association's ability to fulfill its commitment to WFOT and meet its constitutional objectives. If this argument is true, then it can be used just as well to support making an amendment creating a 3rd category, for why should small nations be penalized by not having the right to vote on anything at all in the WFOT?

The second part of point 2, that an association's membership size cannot be anticipated is not entirely true. Perhaps it cannot be predicted precisely, but what in this world CAN? One can certainly predict trends, based on current figures. In Iceland's case, a growth rate of sevenfold in 5 years indicates a trend that the number of trained OT's IS steadily increasing. As long as current access to foreign schools continues in so many other countries, we have no reason to doubt that the profession will continue to grow. We used to send 3 or 4 new students abroad each year and now send 7 or 8.

Iceland has been told repeatedly at Council that having a school is the ONLY guarantee a nation has of a steady supply of OT's. The facts of Iceland's situation prove this to be false. Iceland maintains that one cannot predict how many OT's will stay and work in your country even if you have a school. How many OT's stay and work in your country depends predominantly on the political and economic conditions in that country. News from the Philippines in the November 1982 WFOT Bulletin illustrates this point perfectly. The Philippines has had an OT school since the early 1960's and has graduated 135 OT's since 1965. Of those, 64 are abroad and 71 in the country. Close to 50% of the OT graduates from that country have left. Iceland today has 75% of all its trained OT's at home. A school is NOT the only guarantee of a supply of therapists. Access to schools is and as

described earlier, through our system of formal and informal agreements, Iceland does guarantee a steady supply of OT's.

Having a school is also no guarantee of how many will apply to or go to it. Sweden expressed concern at 1982 Council about pressuring a country into starting a school before it is ready. In a tiny nation where the variety and number of clinical settings is so small, Iceland is concerned that it could not offer the quality of educational program on its own shores that we desire. Today we have access to the best schools in the world. It would be some time before Iceland could have one of the best OT schools in the world, considering that we don't know for sure if we can afford one at all.

Knowledge and expertise are not only gained in school as we all know. OT's in Iceland pool and share a wider range of experiences perhaps than OT's who have all graduated from the same school and worked in the same health care system. This is especially important in a tiny isolated country.

Considering both points in number 2 then, we feel that Iceland is no less able to predict how many OT's it may have 5, 10 or 20 years from now, than countries with schools.

Point 3, that restricting voting to certain matters in a 3rd category of membership would make the voting procedures too cumbersome is true. Iceland feels that the guiding principle should be one nation, one vote. Such a nation should have all voting rights. Professionally qualified OT's in small nations have the same training, in WFOT recognized schools and should be able to make decisions relating to the profession in the same way as OT's who happen to live in larger nations. Decisions about how member nations should vote on various issues is often made within the executive of the national association or in consultation with general membership and this is the same process in small or large nations.

Respectfully submitted,

A handwritten signature in cursive script, reading "Hope Knutsson". The signature is written in dark ink and is positioned above a horizontal line.

Hope Knutsson, OTR, Chairman
Icelandic Occup. Ther. Assoc.
and WFOT Observer

„NORDISK NYTT“

ÆTLANIR OG VANDAMÁL VANDANDI MENNTUN IÐJUBJÁLFA Á ÍSLANDI

Eftirfarandi grein er byggð á fyrirlestri Hope Knútsson formanns Iðjubjálfafélags Íslands, sem haldinn var á "Den lille nordiske seminar" í maí 1983 í Finnlandi.

Stutt yfirlit

Fjöldi íbúa á Íslandi er um 230 þúsund. Fram til ársins 1974 var eingöngu starfandi einn iðjubjálfi á Íslandi. Í dag eru u.þ.b. 35 Íslendingar menntaðir sem iðjubjálfar, þar af búa 22 á Íslandi, og eru 18 þeirra starfandi hér heima, auk 5 eða 6 erlendra iðjubjálfa. Iðjubjálfar á Íslandi hafa hlotið menntun sína í 12 mismunandi löndum. Ellefu iðjubjálfadeildum hefur verið komið á fót og á fimm þeirra hefur aðeins einn iðjubjálfi verið starfandi. Á þremur deildum hafa eingöngu verið starfandi erlendir iðjubjálfar. Þeir hafa stoppað stutt og kemur því ekki til greina að hafa verklegar þjálfun þar.

Hugmyndir um skóla

Á arunum 1970 til 1976 var starfandi nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar, sem hafði það markmið að kanna möguleika og þörf á stofnun námsbrautar fyrir iðjubjálfa og sjúkrabjálfa. Árið 1975 lagði nefndin fram niðurstöður sínar og kom eftirfarandi m.a. fram þar:

- 1) Aðeins 8 iðjubjálfar starfa á Íslandi.
- 2) Áætluð þörf á iðjubjálfum 1985 mun verða 80-90 iðjubjálfar.
- 3) Ákveðið var að fresta stofnun iðjubjálfadeilda við Háskóla Íslands þar til fleiri Íslendingar með iðjubjálfamenntun væru starfandi í landinu og þar til fjöldi iðjubjálfadeilda, sem gætu tekið á móti nemendum til verklegrar þjálfunar yrði meiri. Einnig þegar kostur yrði á fleiri kennurum til kennslu í faginu.
- 4) Braut í sjúkrabjálfun við Háskóla Íslands var komið á fót árið 1976, þegar sú starfstétt hefði u.þ.b. 48 menntaða sjúkrabjálfa í landinu.

Þegar þessi nefnd skilaði álitinu vorum við iðjubjálfar að stofna félag okkar. Árið 1976 voru samþykkt á Alþingi lög um verndun starfsheitis okkar. Í þeim skjölum svo og öðrum opinberum skjölum er gert ráð fyrir stofnun námsbrautar í iðjubjálfun við Háskóla Íslands.

Árið 1981 var haldin á Íslandi "lítil" samnorræn ráðstefna um menntun iðjubjálfa. Við fengum mikla hvatningu frá starfsbræðrum okkar á hinum Norðurlöndunum til að setja á stofn skóla eins fljótt og mögulegt væri. Í millitíðinni ákváðum við að reyna að koma því til leiðar að ríkisstjórnin gerði samning við iðjubjálfaskóla eða menntamálaráðuneytið annarra landa, um að fleiri íslenskir námsmenn kæmst að í greininni. Eftir ráðstefnuna fór nefnd á vegum I.í. til fundar við fulltrúa heilbrigðismálaráðuneytisins til að ræða stöðuna. Þá voru 18 iðjubjálfar starfandi á Íslandi. Í ljós kom, að formlega ritaður samningur væri til, sem tryggði aðgang Íslendinga að iðjubjálfaskólum á hinum Norðurlöndunum.

Aðgangur að erlendum iðjubjálfskólum

Þann 14/7 1977 undirrituðu menntamálaráðherrar Norðurlandanna yfirlýsingu þess efnis, að sérhvert Norðurlandanna yrði að veita minnst 10% nemenda frá hinum Norðurlöndunum inngöngu í skóla á háskólastigi. Þetta gerir Norðurlandabúum kleift, að komast inn í nám, sem ekki er hægt að stunda í þeirra heimalandi. Auk þess gerðu Ísland og Danmörk með sér samkomulag sem tryggði íslenskum nemendum, sem ætla sér í iðjubjálfnám og uppfylla lágmarks inntökuskilyrði skólanna, námspláss í annað hvert skipti sem nýir nemendur eru teknir inn í skólana. Í Danmörku byrja lo bekkir á ári og það þýðir, að 5 Íslendingar hafa möguleika á, að komast þar að á ári hverju. Í Noregi er í gildi óformlegur samningur, sem gefur Íslendingum og Sömum (Löppum) lo aukastig, þegar umsóknargögn eru metin, þar eð þeir hafa ekki möguleika á, að stunda nám í iðjubjálfun í heimalandi sínu. Auk þessa höfum við aðgang að öðrum iðjubjálfskólum í Evrópu og Norður-Ameríku, án skriflegra samninga milli landanna, að því er við best vitum.

Ennþá erum við ekki tilbúin til að stofnsetja skóla eða námsbraut á Íslandi

Árið 1981 var íslenska menntamálaráðuneytið og I.f. sammála um, að ekki væri tímabært að koma á fót skóla á þessu stigi málsins. Aðstæður hafa ekki breyst á opinberum vettvangi síðan. Aðstæður hafa frekar versnað. Fjárhagur hefur aldrei verið verri síðan á kreppuárunum. Jafnvel þó að við værum tilbúin til að koma á fót iðjubjálfskóla, leyfir fjárhagurinn það ekki sem stendur.

a) Vöntun á fjármagni. Nú í vor (1983) var haldin ráðstefna um fjárhagsvandamál Háskóla Íslands. Þar kom m.a. fram að innan heilbrigðisstétta útskrifast árlega of margir læknar, tannlæknar, og að markaðurinn er að verða mettaður af sjúkraþjálfurum. Við skulum hafa hugfast að námsbraut í sjúkraþjálfun var komið á fót fyrir 8 árum síðan. Í kaldhæðni sagt eru ekki nógu margir sjúklíngar á jafn litlu landi sem Íslandi, til að veita öllum heilbrigðisstéttum atvinnu. Heyrst hafa raddir við háskólann sem halda því fram, að skólinn þyrfti engu að kvíða ef meiri fjölbreytni væri í námsvali fyrir fólk sem vill mennta sig innan heilbrigðisstétta. Þetta er jákvætt viðhorf fyrir okkur iðjubjálfa, en því miður er þetta skoðun minnihlutahóps. Að öllu jöfnu sinnir háskólinn ekki verklegum námsgreinum þar sem þær eru taldar "óvísindalegar".

b) Vöntun á deildum fyrir verklega þjálfun. Okkur finnst við ekki hafa nógu fjölbreytt tilboð hér á landi til verknáms. Hér eru eingöngu 11 iðjubjálfadeildir þar af eru 3 eingöngu mannaðar með erlendum iðjubjálfum, þ.e.a.s. tíð mannaskipti.

c) Vöntun á sérmenntuðum kennurum. Háskóli Íslands krefst þess, að kennarar þar hafi haskolagraðu. Í dag er ég sú eina af 35 iðjubjálfum sem hef slíka menntun, auk kennslureynslu.

d) Heildarþörf fyrir iðjubjálfa. Ríkisstjórn Íslands og I.f. gerðu hvor sína könnun á heildarþörf fyrir iðjubjálfa á Íslandi. Niðurstöðurnar voru svipaðar, þ.e.a.s. rúmlega 100 starfandi iðjubjálfar miðað við ríkjandi heilbrigðisskipulag. Einni spurningu verður ekki gengið framhjá. Mun þörf okkar Íslendinga fyrir iðjubjálfa verða fullnægt með núverandi námsmöguleikum, þ.e.a.s. aðgangi að skólum erlendis? Ef ekki, hefur þá H.f. efni á, að koma á fót námsbraut með nægjanlegum fjölda kennara og verkmenntunardeildum?

e) Nýjungar í faginu. Annað sem við höfum verið að velta fyrir

okkur: Ef við komum á fót skóla eða námsbraut hér á landi, geti það þá orðið til þess að við yrðum þröngsýn og einangraðri frá nýjungum í faginu? Í dag finnst okkur mikill kostur, að vera menntuð í 12 mismunandi löndum. Við kynnumst mismunandi heilsugæsluskipulagi, námið er uppbyggt á mismunandi hátt og við deilum kunnattu okkar með hvert öðru og víkkum þannig sjóndeildarhring okkar. Við höfum tengsl við mismunandi heimshorn og fáum m.a. þannig upplýsingar um nýjungar í faginu. Við erum hrædd um að missa þessi tengsl, því ef skóla verður komið á fót er hætta á, að öll okkar orka fari í að reka hann, þar sem við erum svo fámenn stétt.

Skólanefnd

Þrátt fyrir öll rökin sem mæla á móti skóla að svo stöddu, hefur I.f. sett á laggirnar skólanefnd. Markmið hennar er að taka árlega til umræðu það sem hefur verið fjallað um hér að framan og endurmeta stöðuna. Það sem þessi nefnd vinnur að í dag er að safna námsgögnum og námsskrám frá Norðurlöndunum, Kanada og U.S.A. Það er þó öruggt, að kennsluáætlun iðjubjálfa byggist á 4 ára B.S.-gráðu námi innan H.f. svipað og sjúkrapjálfaranámið.

Annað sem nefndin vinnur að nú er, að koma á fundum með námsstjórum annarra námsbrauta innan heilbrigðisstétta hér á landi til að safna upplýsingum um m.a.:

-Hve marga kennara þeir höfðu, þegar þeir hófu kennslu.

-Hver hafði verið áætluð þörf (fjöldi) starfsmanna í greininni til að metta markaðinn.

-Hve stóran hluta kennslunnar eigin faghópur sér um og hve stór hluti er í höndum annarra faghópa.

-Hvaða kennslufyrirkomulag þeir hafi notað (t.d. hvort þeir hafi tekið inn nemendur á hverju ári, annað hvert ár, o.s.frv.)

-Hvaða vandamál þeir hafi rekist á yfir höfuð.

Nánari samvinna við skóla erlendis um menntun íslenskra iðjubjálfa
Síðustu ár höfum við fengið íslenska iðjubjálfanema, sem eru við nám erlendis (í Svíþjóð og Noregi) heim til Íslands í verknám.

Við viljum gjarnan auka þetta, þar sem við teljum kost fyrir íslenska nemendur að taka hluta verklega námsins á Íslandi. Þetta hefur leitt af sér meira og nánara samband við iðjubjálfa-skólana og iðjubjálfafélögin á hinum Norðurlöndunum. Margar hugmyndir hafa skotið upp kollinum til að samræma nám íslenskra iðjubjálfanema erlendis við íslenska heilbrigðiskerfið. Ein hugmyndin er sú að reyna að safna íslenskum iðjubjálfanemum erlendis saman og fræða þá um íslenska heilbrigðiskerfið og félagslega þjónustu á Íslandi, og auk þess lög og reglur þessu tengt. Yrði þetta kennt af íslenskum iðjubjálfa.

RIDA-stóllinn

RIDA-stóllinn fyrir börn með spastiskar lamanir, jafnvægis-
truflanir og minnkaða vöðvaspennu.

G. HINRIKSSON ^H_F
Skúlagata 32, Rvk. - S. 24033

Fréttir

Iðjubjálfun Borgarspítalans: Iðjubjálfar Bsp. hafa aukið starfsemi sína. Fyrir utan 4¹/₂ stöðu á Endurhæfingardeild, deila tveir iðjubjálfar einni stöðu á Borgarspítalanum (lyflækningadeildum) og auk þess er einn iðjubjálfi í hálfu starfi á Heilsuverndarstöð (E-63).

Iðjubjálfi á Austurlandi: Sigríður Þorvaldsdóttir iðjubjálfi er komin heim eftir 5 ára starf í Danmörku. Hún vinnur hjá Svæðisstjórn Austurlands fyrir málefni fatlaðra og hefur aðsetur á Egilstöðum.

Námskeið/ráðstefnur:

Dagana 6.-11.mars 83 tók Snæfríður Þ Egilson þátt í námskeiði, sem haldið var á N-Jótlandi fyrir iðju- og sjúkrabjálfa. Fjallaði það um meðhöndlun og þjálfun fatlaðra barna. Þar var farið í kenningar Luría um starfsemi heilans, rætt um börn með myelomeningocele (klofinn hrygg) og Bobath meðferð fyrir C.P.börn, svo eitthvað sé nefnt. Snæfríður var mjög ánægð með námskeiðið, sérstaklega praktiska hlutann. Það var henni einnig mikils virði að hitta svo marga kollega og ræða við þá um þjálfun barna.

Þann 2.-4.júní'83 var haldin VII Norræna ráðstefnan í Félagslækningum. Iðjubjálfar á Reykjalundi sóttu ráðstefnuna. Fyrirlestarnir fjölluðu m.a. um:

- "Socialmedicinska kvinnofragar"
- Örorka og endurhæfing
- Áfengisneysla og áhrif hennar
- Rannsóknir á heilbrigðissviði
- "Psykosocial" vandamál og vinnuumhverfi
- Atvinnuleysi og sjúkdómar
- Rannsóknir á vissum starfsgreinum

Erindin voru mörg hver mjög áhugaverð en ráðstefnuna sóttu hátt á annað hundrað manns, meirihlutinn læknar.

Úrdráttur úr fyrirlesturunum var gefinn út í bæklingi, sem hægt er að fá lánaðan hjá iðjubjálfum á Reykjalundi.

Iðjubjálfafélagið stóð fyrir námsdegi þ.29.júní'83, þar sem fjallað var um:

- "Finmotoriske problem hos barn med lærevansker"
- "Apraxi"
- "Koordinationvansker"
- "Sensorisk integration"

Fyrirlesari var Nils Erik Næss, norskur iðjubjálfi. Félagið bauð ýmsum starfsstéttum sem vinna með börn að sitja fyrirlesturinn og mættu um 30 manns.

Þann 8.-10.ágúst'83 var haldin 2. norræna trafikmedicinska kongressen. Iðjubjálfar á Reykjalundi og á Grensásdeild sóttu ráðstefnuna. Fyrirlestarnir fjölluðu m.a. um:

- Notkun bílbelta
- Alvarlegri slys verða í litlum og veikbygðum bílum
- Kostnaður vegna umferðaslysa

- Börn í umferðinni
 - Fatlaðir í umferðinni
 - Hvaða reglur gilda um veitingu ökuleyfis fyrir fólk með ýmsa sjúkdóma
 - lo ára rannsókn á mænusködduðum í umferðinni á Íslandi
 - Hjólræðaslys
- Úrdrátt úr fyrirlestrunum er hægt að fá lánaðan hjá iðjubjálfum á Reykjalundi og á Grensásdeild.

Í sambandi við ráðstefnuna hélt danskur sjúkrahjálfari, Ellen Poulsen, fyrirlestur fyrir sjúkra-og iðjubjálfa um hjálpar-tæki í bíla.

Dagana 29.ágúst til 2.september tók Eiríka P Sigurhannesdóttir, iðjubjálfi þátt í námskeiði hjá Arbejdsmljøjfonden um Handels-og kontorvirksomheders arbejdsmiljø, sem haldið var á Šjælland.

14.september var Eiríku boðið á ráðstefnu hjá Teknologisk Institut í Kaupmannahöfn, þar sem fjallað var um tölvuvæðingu, tölvur og umhverfið og tölvur og manneskjan.

Dagana 19. og 20.september '83 efndi Hjálpartækjabankinn til kynningar fyrir sjúkrahjálfara, iðjubjálfa og annað starfsfólk á stofnunum, sem sér um pantanir á hjólastólum. Walter Portius frá fyrirtækinu Ortopediu í Þýskalandi kynnti hjólastóla og göngugrindur. 115 manns sóttu kynninguna.

Hope Knútsson sótti alþjóðlega ráðstefnu í áfengis-og fíkniefnamálum, sem haldin var dagana 26.-30.september '83 að Hótel Löffleíðum. Áfengisvarnaráð í umboði Heilbrigðis-og tryggingarmálaráðuneytisins skipulagði þessa ráðstefnu, í samvinnu við Menntamálaráðuneytið og Alþjóðaráðið um áfengis-og fíkniefnamál í Sviss. Þátttakendur voru úr mörgum starfsstéttum og frá mörgum löndum. Samhliða ráðstefnunni var sérstakt 2ja daga námskeið í hvernig hægt er að byggja upp hagnýtt fyrirbyggjandi starf í skólum, kirkjum, íþróttafélögum o.fl. Mörg erindi, bæði vísindaleg og almenn, voru flutt auk sýninga á 7 nýjum kvikmyndum um þetta efni. Þátttakendur fengu í hendur mikið af fróðlegum hjálpargögnum. Þetta var mjög áhugaverð og uppörvandi vika. Fólk úr mismunandi starfsstéttum náði tengslum hvert við annað og Íslendingarnir sem tóku þátt í ráðstefnunni, ákváðu að setja í gang fyrirbyggjandi starf í nokkrum skólum. Það var einnig ákveðið að halda slíka ráðstefnu aftur á Íslandi eftir 2 ár.

Í haust hefur Ingibjörg S Ásgeirsdóttir iðjubjálfi haldið fræðsluerindi um starfssvið iðjubjálfa í meðferð liðagagtar-sjúklinga.-í ágústlök fyrir hjúkrunarfræðinga á lyfjadeild Lsp. (14G), er deildin opnaði aftur eftir sumarleyfi. -í byrjun september á Ísafirði, þar sem Hjúkrunarfélag Vestfjarða hélt námsdag um gigt og gigtarmeðferð. Þátttakendur voru hjúkrunarfræðingar og læknar af svæðinu. -í lok september fyrir 3ja árs nema í sjúkrahjálfun við H.f.

Guðrún Hafsteinsdóttir og Björk Pálsdóttir iðjubjálfar sóttu öldrunarráðstefnu hjá Öldrunarráði Íslands þann 7.okt. '83. Þar var fjallað um: Húsnæðismál aldraðra; Heilsugæslu aldraðra a)í dreifbýli,b)í þéttbýli,c)í tengslum við stofnanir; Heilsu-

vernd frá félagslegu sjónarmiði og þáttur sálgæslu í heilsuvernd.

Antje Price, þýsk-bandarískur iðjuþjálfari, heimsfræg fyrir brautryðjandastörf í Sensory Integration, kom til Íslands í annað skipti 10.-13. október 1983. Hún hélt óformlegt spjall um S.I. fyrir félagsmenn þ. 11. okt. og svaraði spurningum um menntun á þessu sérsviði iðjuþjálfara. Einnig hélt Antje 4ja tíma fyrirlestur fyrir okkur í mars 1980. Hope Knútsson fær fréttabréf sem Antje skrifar fyrir Alþjóðlega Perceptionsnefnd og þeir sem áhuga hafa, geta fengið ljósrituð eintök af öllum tölublöðum hjá henni. Antje samþykkti að koma aftur 1985 til að halda fyrir okkur formlegt eins dags kynningarnámskeið í S.I. Hún segist tilbúin að þiggja gistingu og íslenskar vörur í staðinn fyrir venjuleg laun. Þangað til eiga þeir, sem áhuga hafa, að lesa eins mikið og hægt er í taugalífeðlisfræði og hún mun senda okkur bók í því sambandi. Bókasafnsnefnd getur líka keypt fleiri bækur af bókalista, sem hún gaf okkur. Greinilegt er, að mikill áhugi er fyrir hendi - 20 manns mættu til að hlusta á Antje.

Námsárangur: Guðrún Árnadóttir er komin heim eftir að hafa lokið B.S.-graðu í iðjuþjálfun frá Manitoba-háskóla í Kanada. Henni voru veitt gullverðlaun skólans fyrir námsárangur.

Iðjuþjálfari í heimsókn: Ný útskrifaður bandarískur iðjuþjálfari Gail Yuhasz er í 3ja mánaða heimsókn á Íslandi. Hún mun nota tímann til að heimsækja allar iðjuþjálfadeildir á Reykjavíkursvæðinu.

Félagsstarfsemi

Skólanefnd (Nefndarmenn: Hope Knútsson, Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir, Kristjana Fenger, Rannveig Baldursdóttir og Sigríður Jónsdóttir).
Sjá Norðísk nýtt.

Trygginganefnd (Nefndarmenn: Elín Ebba Ásmundsdóttir, Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir, Kristjana Fenger).
Allt við það sama.

Launanefnd (Nefndarmenn: Björk Pálsdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Snæfríður Þ. Egilsson).
Af okkar hálfu hefur verið gengið frá undirbúningi fyrir inn-
göngu í BHM.
Lög BHM gera ráð fyrir að félög séu tekin inn annað hvert ár á aðalfundum. Næsti aðalfundur verður haust 1984, en við munum
að öllum líkindum fá aukaaðild að félaginu fljótlega þannig
að við komumst með í næstu samninga, vor 1984.

Félagsgjöld í mars 1983 var samþykkt hákkun félagsgjalds og
er ársgjaldið nú:
600.- fyrir íðjubjálfa á Íslandi
300.- fyrir íðjubjálfa erlendis
150.- fyrir íðjubjálfanema

Bókakynning Basic Hand Splinting A Pattern Designing Approach
eftir Judith Hunt Kiel, sem hefur masterspróf í
íðjubjálfun og er prófessor við háskólann
Indianapolis USA.

Þetta er kennslubók í handspélkugerð fyrir byrjenur. Hún er
150 bls. í A-4 broti, með mörgum myndum.
Í henni er fjallað um líffærafræði handarinnar, grunnþætti sem
spélkugerð byggist á, aðferðir í gerð spelkusniða, spelkuefni
og eiginleika þeirra, góð ráð við hönnun spelkna, mismunandi
festingar og ábyrgðarhlutverk í sambandi við spelkugerð s.s.
mat á spelkunni m.t.t. hvort hún þjóni sínum tilgangi og valdi
ekki einstaklingnum skaða.

Þetta er mjög góð bók fyrir byrjendur í spelkugerð, en er að
sjálfsögðu engan veginn tæmandi hvað varðar fjölbreytni í
tegundum spelkna.

Bókin er í eigu Hjúkrunarfélags Íslands.

BP/GÁ íðjubjálfar


„Vindum vindum vefjum band“

Í Handíð er bæði mikið og gott úrval vandaðra vefstóla frá Lervad, Bergaa og Normalo.

Allt frá litlum borðvefstólum, sem eru heppilegir fyrir aldraða og sjúkraþjálfun, til fullkominna gagnbindíngarstóla með allt að 140 sm vefbreidd og 12 sköftum. Höfum einnig myndvefstóla með 100 sm vefbreidd en getum útvegað með stuttum fyrirvara myndvefstóla með allt að 240 sm vefbreidd.

Ítarlegir leiðbeiningabæklingar fylgja stólunum okkar.

Þjóðum einnig vefgrindur með og án skila og skeiðar og skyttur fyrir bandvefnað, auk allra annarra nauðsynlegra fylgihluta.



HANDÍÐ

Raudarárstígur 16
sími 2 95 95

LAUSAR STÖÐUR

BORGARSPÍTALINN:	1 - Vefrænar deildir Bsp. 2 - Geðdeild Bsp. 1 - Arnarholt 1 - Dagdeild Bsp. (Geð), Eiríksgötu
LANDSSPÍTALINN:	5 1/2 - Geðdeild Lsp. 1-2 - Úldrunardeild, Hátúni 10B
KLEPPSSPÍTALINN:	5 - þar af 1 staða á dagdeild, sem tók til starfa haustið 1982
KÓPAVOGSHÉLI:	1
FÉLAGSMÁLASTOFNUN:	1 - (Áfangastaður Norðurbrún 34 í Rvk.)
DROPLAUGARSTAÐIR:	1 - 70% staða (Nýtt elli-og hjúkrunarheimili)
SUNNUHLÍÐ:	1 - 70% staða (Nýtt elli-og hjúkrunarheimili)
GIGTARSTÖÐIN:	2 - Tekur bráðlega til starfa í Ármúla 5
HRAFNISTA:	1 - (sjá stöðulýsingu á bls.50)
HÓLABÆR:	1 - Þjónustumiðstöð aldraðra og öryrkja
STYRKTAFFÉLAG LAM- ADRA OG FATLADRA:	2
FJÓRFUNGS SJÚKRA- HÚSIÐ, AKUREYRI:	1/2 - Geðdeild FSA
HEILSUGÆSLUSTÖÐIN Á EGILSETUDUM:	1

Auk þess hafa eftirtalдар stofnanir sýnt áhuga á, að fá iðjuþjálfu til starfa:

ÚSKJUHLÍÐARSKÓLI
VÍFILSTAÐASPÍTALI
KJARVALSHÚS

HRAFNISTA

DVALARHEIMILI ALDRAÐRA SJÓMANNA



Dvalarheimili aldraðra sjómanna Hrafnistu í Reykjavík er byggð fyrir forgöngu sjómannasamtakanna og sjá þau um rekstur heimilisins.

Nú dvelja á heimilinu um 390 vistmenn. Skiptist heimilið í almenna vist en þar búa um 235 og 5 hjúkrunardeildir með 152 vistmenn samtals.

Sumir koma e.t.v. úr fullu starfi eða a.m.k. hafa þurft að sjá sér fyrir lífsnauðsynjum sjálfir.

Auðveldust er sú leiðin að setjast með hendur í skaut og hafast ekki að annað en þá að ganga að uppþúnu borði til matar og síðan inn á sitt herbergi aftur, en kannske verður sú athöfn þá fljótlega manni um megn.

A Hrafnistu er ýmislegt gert til skemmtunar vistfólki, haldnar kvöldvökur, farið í leikhús, ferðalög o.fl. og einnig reynt að örva það til starfa.

Veiðarfæraverkstæði er í kjallara, þar sem sett er upp fiskilína, net felld, einnig gerð spyrðubönd og hnýtt á tauma o.fl.

Handavinnu- og föndurstofa er opin frá kl. 9-17 alla virka daga. Þar starfa 2 konur sem leiðbeinendur í allskonar föndri og handavinnu, vefnaði o.fl.

A hjúkrunardeildunum hafa einnig verið leiðbeinendur inni á setustofu og aðstoðað við handavinnu og föndur.

Nú í haust fór fram endurskipulagning á þessum störfum og var þá auglýst eftir iðjupjálfa, þar sem við vonuðum að menntun og reynsla sú sem þið hafið, gæti komið að notum til að gæða ellina lífi hjá vistfólkinu okkar hér á Hrafnistu.

Því miður kom engin fyrirspurn frá iðjupjálfum um starfið, en við vonum að úr því rætist síðar.

Jóhanna I. Sigmarsdóttir
Jóhanna I. Sigmarsdóttir
forstöðukona, Hrafnistu D.A.S.

Orðsending til félagsmanna erlendis

Það er erfitt fyrir okkur að fylgjast með félögum okkar erlendis, en þeir eru nú meirihluti félagsmanna. Þess vegna biðjum við ykkur að:

1. Tilkynna félaginu breytt heimilisfang, eða leiðrétt það, ef rangt er með farið í blaðinu.
2. Tilkynna okkur hvenær þið hyggist ljúka námi.
3. Senda okkur nöfn og heimilisföng nýrra nema, sem við höfum ekki frétt af.

Íðupjálfar á Íslandi okt. 1983

BORGARSPÍTALINN/GRENSÁSDEILD

g.81200/85177

Björk Pálsdóttir	Stóragerði 12 108 Reykjavík	
Guðrún Árnadóttir	Hvassaleiti 30 108 Reykjavík	s.31086
Ingibjörg S Ásgeirsdóttir	Skólabraut 53 170 Seltjarnarnes	s.13387
Ingibjörg Jónsdóttir	Vesturberg 140 109 Reykjavík	s.79099
Rósa Hauksdóttir	Eikjuvogi 29 104 Reykjavík	s.36596
Valrós Sigurbjörnsdóttir	Tómasarhagi 34 107 Reykjavík	s.13738

LANDSSPÍTALINN

g.29000

Endurhæfingardeild

Anne W.N.Chambers	Eiríksgötu 29 101 Reykjavík	
<u>Geðdeild</u>		s.650/651/652
Elín Ebba Ásmundsdóttir	Samtún 36 105 Reykjavík	s.75683
Kristjana Fengler	Barmahlíð 50 105 Reykjavík	s.29715
Sylviane Lecoultre Pétursson	Marargötu 4 101 Reykjavík	s.28594

KLEPPSPÍTALINN

g.38160/48

Jóna Kristófersdóttir	Kleppsvegur 120 104 Reykjavík	s.34227
-----------------------	----------------------------------	---------

HJÁLPARTÆKJABANKINN

s.21333

Guðrún Hafsteinsdóttir	Engjasel 33 109 Reykjavík	s.79014
------------------------	------------------------------	---------

VINNUHEIMILIÐ AÐ REYKJALUNDI s.66200/192

Anna Sveinbjörnsdóttir	Bröttuhlíð 5 810 Hveragerði í Rvk:Reynimel 60	s.99/4255 s.20049
Ingibjörg Pétursdóttir	Efribraut 5 270 Varmá	s.66200/161
Katla Kristvinsdóttir	Hvassaleiti 22 108 Reykjavík	s.85113
Margrét Sigurðardóttir	Njörvasundi 24 104 Reykjavík	s.39288
Rannveig Baldursdóttir	Suðurhólar 6 109 Reykjavík	s.76796
Sigríður Hermannsdóttir	Álfaskeiði 117 200 Hafnarfirði	s.51265(66679)

HLÍÐASKÓLI s.25333

Snæfríður Þ Egilsson	Laugateig 30 105 Reykjavík	s.32735
----------------------	-------------------------------	---------

ÖRYRKJABANDALAGIÐ/MÚLALUNDUR s.24921/28667

Eiríka Sigurhannesdóttir	Torfufelli 44 109 Reykjavík	s.73633
--------------------------	--------------------------------	---------

SJÚKRAHÚS AKRANESS s.93/2311

Sigrún Ásmundsdóttir	Suðurgötu 78 300 Akranes	s.93/2723
----------------------	-----------------------------	-----------

SVÆDISSTJÓRN AUSTURLANDS, EGILSTAÐIR s.97/1833

Sigríður Þorvaldsdóttir	Miðgarður 4 700 Egilstaðir	s.97/1177
-------------------------	-------------------------------	-----------

EKKI FASTRÁÐNIR ÍDJUÐJÁLFAÐ

Hope Knútsson	Æsufelli 4,2F 109 Reykjavík	s.73734
Sigríður Jónsdóttir	Langholtsvegi 192 104 Reykjavík	s.35229
Kristín Tómasdóttir	Hrafnagilsstr.22 600 Akureyri	s.96/21084
Sigríður Loftsdóttir	Austurveg 9 630 Hrísey	s.96/61729

Íslenskir íðjubjálftar erlendis

Anne Grethe Hansen	Asylvej 42 8240 Risskov, Danmark
Finnur Bárðarson	Centrala Arbetsterapien, Länssjukhuset 301-85 Halmstad, Sverige
Guðrún Ársælsdóttir	? 7500 Holstebro, Danmark
Guðrún Emilsdóttir	Studiegången 17-008 416-81 Göteborg, Sverige
Guðrún Pálmadóttir	500 W Prospect Apt. 7-F Fort Collins, CO 80526, USA
Hallfríður Bjarnsdóttir	Fredrekstangsvej 27B 4300 Sandnes, Norge
Jóhanna Erla Eiríksdóttir	Ålborggade 27, 3.t.v. 2100 København Ø, Danmark
Jóhanna Ingólfssdóttir	Rum 716, Postbox 608 751-25 Uppsala 1, Sverige
Kolbrún Ragnarsdóttir	Ryesgade 31B, st.t.v. 2200 København N, Danmark
Sigurður Sigurðsson	Møgeltondergade 8 Vesterbro, Kbh. Danmark
Viðar Óskarsson	Vigerslevvej 64 2500 Valby, Danmark

Íðjubjálftanemar

Hildur Þráinsdóttir	Åsagarden 55 7500 Holstebro, Danmark	<u>Lýkur námi</u> Apríl '84
Bára Sigurðardóttir	Rendsborggade 3, vær.61 7500 Holstebro, Danmark	Apríl '85
Lillý Sverrisdóttir	Rendsborggade 3, vær.70 7500 Holstebro, Danmark	Jan. '86
Sigrún Garðarsdóttir	Elmelundsvej 4-3509 5200 Odense V, Danmark	Júní '84
Maren Ósk Sveinbjörnsd.	c/o Anna Ingólfssdóttir Vollsmose Allé 296, 3.t.h. 5240 Odense NØ, Danmark	Júní '86
Þóra Gestsdóttir	Dalslandsgade 8, M-311 2300 København, Danmark	Apríl '85
Anna Sigríður Jónsdóttir	Nørre Allé 19B 4/94 2200 København, Danmark	?
Elín Hannesdóttir	Institut ved Århus Universitet for ergo- og fysioterapeuter, Skejbyvej 15, Postboks 2036 8240 Risskov, Danmark	Júní '86

Ólöf Elfa Leifsdóttir	8-A 200 Kringsjå Studentby Oslo 8, Norge	<u>lýkur námi</u> Júní '85
Bjargey Ingólfisdóttir	Ergoterapihøgskolen Prinsensgt. 8b 7000 Trondheim, Norge	Jan. '85
Elísabet Vernharðsdóttir	Wallenbergsgaten 4C 1V 412-59 Göteborg, Sverige	Jan. '84
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Studiegången 3 416-81 Göteborg, Sverige	'85
Steinunn Jóhannsdóttir	Framgängen 220-23 412-80 Göteborg, Sverige	Júní '86
Unnur Alfreðsdóttir	Sandspåret 29 424-31 Angerred, Sverige	Júní '84
Hrefna Óskarsdóttir	Hohlweg 24 43 Essen 1, W-Germany	Des. '83
Helga Óskarsdóttir	6 West-Viewgarden East Greenstead, Sussex, England	?
Guðrún Stefánsdóttir	Rode Kruislaan 957 1111 ZW Diemen, Holland	'85
Lilja Ingvarsson	82 Brant st. Eggertsville NY 14226, USA	Júní '84
Elsa Ingimarsdóttir	Trailridge 2500 W 6th 106 Lawrence, Kansas 66044, USA	?
Guðrún Guðfinnsdóttir	2524 Hanover Ave, # 3 Richmond, VA 23220, USA	'86

Leikföng
sem búin hafa verið til
með alúð og valin
með tilliti til þroska barnsins,
stuðla að heilbrigðum
og eðlilegum
framförum.



VÖLUSKRÍN

KLAPPARSTÍG 26 sími 15135

HJÁLPARTÆKJABANKINN

NÓATÚNI 21, SÍMI 21333, TELEX NR. 2180, REYKJAVÍK



Önnumst útvegum
hverskonar hjálpar-
og endurhæfingartækja
Einnig útlán
hjálpartækja

HJÁLPARTÆKJABANKINN

NÓATÚNI 21, SÍMI 21333, TELEX NR. 2180, REYKJAVÍK

